

„Þú sendir ekki þingfréttaritara í svona leiðangur“

Hver ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hafa orðið viðhorfsbreytingar á hlutverki fjölmiðla síðustu 50 ár þegar kemur að umfjöllun um snjóflóð?

Stefanía Hrund Guðmundsdóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til BA - gráðu í fjölmiðlafræði

Félagsvísindadeild

Maí 2020

„Þú sendir ekki þingfréttaritara í svona leiðangur“:

Stefanía Hrund Guðmundsdóttir

6 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Bachelor of Arts – prófi í fjölmiðlafræði

Sigrún Stefánsdóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2020

Titill: „Þú sendir ekki þingfréttaritara í svona leiðangur“: Hver ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hafa orðið viðhorfsbreytingar á hlutverki fjölmiðla síðustu 50 ár þegar kemur að umfjöllun um snjóflóð?
Stuttur titill: „Þú sendir ekki þingfréttaritara í svona leiðangur“.

6 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts- prófi í fjölmiðlafræði.

Höfundarréttur © 2020 Stefanía Hrund Guðmundsdóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Stefanía Hrund Guðmundsdóttir, 2020, bakkalárprófsverkefni,
félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 53 bls.

Prentun: Héraðsprint
Egilsstaðir, maí 2020

Ágrip

Ritgerð þessi er lögð fram til BA-prófs í fjölmiðlafræði á Hug- og félagsvísindasviði við Háskólann á Akureyri. Tilgangur hennar var að komast að því hver það er sem ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hvort viðhorfsbreyting hafi orðið á hlutverki fjölmiðla síðustu fimm tíu ár. Til að geta svarað þessu voru fjögur snjóflóð til skoðunar sem gerðust á árunum 1974 – 2020. Þau snjóflóð sem fjallað er um eru; Neskaupstaður 1974, Súðavík 1995, Flateyri 1995 og Flateyri 2020. Framkvæmd var viðtalsrannsókn þar sem talað var við fjölmiðlafólk, björgunarsveitarfólk, heimamenn og lögreglu. Viðmælendur voru spurðir út í aðgang fjölmiðla, mikilvægi heimilda sem fjölmiðlar safna saman á tímum sem þessum og viðhorf til myndbirtinga í jafn viðkvæmum málum og snjóflóð eru. Ásamt viðtölum voru skoðaðar heimildir frá þessum tímum, sem dæmi blaða- og sjónvarpsumfjallanir. Með þessu var verið að leita svara við spurningum eins og: Hver ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hafa orðið viðhorfsbreytingar á hlutverki fjölmiðla síðustu 50 ár þegar kemur að umfjöllun um snjóflóð?

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að margt getur spilað inn í þegar kemur að aðgengi fjölmiðla að vettvangi náttúruhamfara eins og snjóflóða. Þar spila inn í aðstæður sem enginn fær ráðið við eins og veður og færð, en líka mannlegur þáttur eins og samskipti fjölmiðla við yfirvöld sem stjórna á vettvangi. Fjölmiðlabann sem sett var á Súðavík eftir flóðin þar er dæmi um hvernig mannlegur þáttur hefur áhrif á aðgengi fjölmiðla að vettvangi og hefur verið umdeilt hvernig staðið var að því.

Fjölmiðlaumfjallanir eru oft umdeildar en niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að fólk væri oftast hlynnt umfjöllunum fjölmiðla um hörmulega atburði sem þessa, svo lengi sem almenn virðing og nærgætni væri sýnd, en slíkt er í samræmi við þriðju grein siðareglna Bládamannafélags Íslands. Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að hamförum, bæði eru þeir að halda fólki í samfélaginu upplýstu um það sem er í gangi en einnig að miðla mikilvægum upplýsingum frá yfirvöldum eins og lögreglu eða almannavörnum til íbúa á svæðinu.

Efnisorð: Fjölmiðlafræði, fjölmiðlar, náttúruhamfarir, snjóflóð, aðgangur fjölmiðla.

Abstract

This thesis is submitted as a part of Baccalaureus Atrium – degree in Media Studies at University of Akureyri. The purpose of this project was to determine what influences the media's access to avalanches and what attitude change in the role of media have been in the last fifty years. To be able to answer this there were four avalanches addressed that all took places in the years 1974 – 2020. The avalanches that will be address is; Neskaupstaður 1974, Súðavík 1995, Flateyri 1995 and Flateyri 2020. An interview research was used where interviews were held with people from the media, rescue officers, locals and the police. People was asked about the importance of sources to be gathered, the views on media publishing photos of places where avalanches have taken place and the access that media have. Along with interviews other sources from this time was examined for example newspaper, television coverage and a documentary.

The result of this study showed that many things can affect the access that media have. Some of that is situation that no one can regulate like weather or the state of a road but there is also the authorities in the field that can take the control. The media ban that was imposed in Súðavík after the accident is an example where the authorities took the control and banned the media to film at the scene.

Media coverage of sensitive cases is often controversial, but the results of this study indicated that people were often consent with the media coverage as long as the media show consideration and respect to the subject but that is accordance with the third article of the Journal of Ethics. Media plays an important role when it comes to natural catastrophes but their role is to keep people in the community informed about what is going on and disseminate information from the civil defence and the local authority.

Key words: Media studies, media, natural catastrophes, avalanche, media access.

Þakkarorð

Ég vil byrja á því að þakka leiðbeinandanum mínum, Sigrúnu Stefánsdóttur, fyrir góða leiðsögn og ráð við gerð ritgerðarinnar. Einnig vil ég þakka Birgi Guðmundssyni, kennara, fyrir góðan grunn og hvetjandi orð í gegnum námið. Viðmælendum mínum færi ég mínar bestu þakkir fyrir að hjálpa mér að gera verkefnið að veruleika með frásögnum sínum og leiðbeiningum.

Foreldrum mínum, bræðrum og mágkonum langar mig að þakka sérstaklega fyrir að hafa endalausa trú á mér í gegnum námið, fyrir að hvetja mig áfram og leyfa mér ekki að gefast upp. Einnig vil ég þakka þeim fyrir góðar ráðleggingar og upplýsingar við gerð þessara ritgerðar. Sérstakar þakkir fá Þórður Vilberg Guðmundsson, bróðir minn, Gerður Ósk Oddsdóttir og Ragna Gestsdóttir fyrir yfirlestur og leiðbeiningar við gerð verkefnisins

Samnemendum mínum þeim Steinunni Björk, Bjarna Rúnarssyni og Hákonni Svavarssyni langar mig að þakka sérstaklega fyrir að gera námið auðvelt, skemmtilegt og eftirminnilegt. Sérstakar þakkir fá þær Ásthildur Hannesdóttir, Jenný Kristín Sigurðardóttir og Agnes Klara Ben fyrir stuðninginn, hvatninguna og vinskapið sem myndaðist á milli okkar, án þeirra hefði ég ekki komist í gegnum neitt af þessu.

Síðast en ekki síst eru það vinkonur mínar Nikólína Bóel, Bylgja Rún, Elva Karen og Tara Líf sem fá mínar bestu þakkir fyrir að vera til staðar fyrir mig dag sem nótt, hvetja mig í gegnum námið og hjálpa mér með að halda andlegri geðheilsu. Það er svo sannarlega gott að eiga góða að og það hefur sannað sig seinustu mánuði.

Yfirlýsing

„Ég lýsi hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það sé ágóði eigin rannsóknar”

Stefanía Hrund Guðmundsdóttir

„Það stafestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A. prófs við Hug- og félagsvísindasvið”

Sigrún Stefánsdóttir, leiðbeinandi

Efnisyfirlit

<i>Efnisyfirlit</i>	8
<i>1. Inngangur</i>	9
<i>2. Hlutverk fjölmiðla</i>	11
2.1 Siðferði og siðareglur	12
2.2 Stefna og reglur íslenskra fjölmiðla	13
2.3 Hvað er frétt?	15
<i>3. Aðferð og rannsóknarspurning</i>	17
<i>4. Sögulegt yfirlit</i>	19
4.1 Snjóflóð	19
4.2 Snjóflóðin í Neskaupstað 1974	19
4.3 Snjóflóðin í Súðavík 1995.....	21
4.4 Snjóflóðin á Flateyri 1995	22
4.5 Snjóflóðin á Flateyri 2020	24
4.6 Samantekt	25
<i>5. Aðgengi fjölmiðla að vettvangi</i>	27
5.1 Almenn um samskipti lögreglu og fjölmiðla	27
5.2 Flóðin fjögur	29
5.3 Fjölmiðlabannið á Súðavík	30
<i>6. Umfjallanir og myndbirtingar fjölmiðla</i>	33
6.1 Umfjallanir	33
6.2 Mikilvægi myndefnis	34
6.3 Samskipti fjölmiðla og yfirvalda	36
<i>7. Niðurstöður</i>	38
<i>8. Umræður og ályktanir</i>	39
<i>Heimildaskrá</i>	40
<i>Fylgiskjal I – Tölvupóstur til viðmælanda</i>	47
<i>Fylgiskjal II – Tölvupóstur til sveitarfélaga</i>	51
<i>Fylgiskjal III – Spurningar til viðmælanda</i>	52

1. Inngangur

Hlutverk fjölmiðla er að miðla upplýsingum til fólksins í samfélaginu og geta þeir haft töluverð áhrif á samfélagið. Fjölmiðlar eru skyldugir til þess að flytja sem nákvæmastar upplýsingar af því sem er í gangi hverju sinni svo íbúar geti myndað sér skoðun. Stundum er talað um fjölmiðla sem hluta af ríkisvaldi landsins og þá sem „fjórða valdið“. Hin þrjú eru löggjafarvald, dómssvald og framkvæmdavald (Menntamálaráðuneytið, 2005, bls. 11 – 15).

Þeir hefðbundnu miðlar, sem fylgt hafa þjóðinni í gegnum árin eru annars vegar *prentmiðlar* og hins vegar *ljósvakamiðlar*. Til prentmiðla flokkast dagblöð og tímarit en ljósvakamiðlar eru sjónvarps- og útvarpsmiðlar. Fyrst um sinn voru eingöngu prentmiðlar hér á landi en það var árið 1930 sem Ríkisútvarpið hóf útsendingar fyrir landsmenn (Gunnar Karlsson, 2018). Prentmiðlar hafa það fram yfir ljósvakamiðla að meira pláss er í þeim og því er möguleiki á að þar birtist lengri fréttir og umfjallanir um einstaka mál, eins og þær náttúruhamfarir sem eru til umfjöllunar í þessu verkefni, sem geta því verið ítarlegri en það sem birtist í ljósvakamiðlum. Meðfram þeim tæknibreytingum sem hafa orðið í heiminum undanfarna áratugi hafa fjölmiðlar þó þróast og breyst (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2002). Þessar breytingar hafa haft það í för með sér að fréttir eru fljótari að berast hvort sem er á milli landshluta eða jafnvel heimshorna. Þetta hefur gerst með tilkomu internetsins, netmiðla og samfélagsmiðla (Hagrannsóknir sf, 2018).

Fjölmiðlar þurfa að sinna ákveðnu almannavarnahlutverki. Í 5. grein laga um almannavarnir frá árinu 2008 er talað um að almannavarnir skulu sjá um samskipti við fjölmiðla þegar grípa þar til aðgerða er vá steðjar að (Lög um almannavarnir nr. 82/2008). Lögin eiga við um atburði eins og þá sem fjallað er um í þessari ritgerð. Við slíka atburði geta fjölmiðlar skipt sköpum í því að koma upplýsingum til fólks, bæði þeirra sem eru á staðnum, en einnig til þeirra landsmanna sem vilja fylgjast með því sem í gangi er.

Snjóflóðin sem eru til skoðunar í þessu verkefni áttu sér stað á 50 ára tímabili. Það elsta varð í lok ársins 1974 en nýjasta flóðið varð nú í ársbyrjun 2020. Í öllum flóðunum komu fjölmiðlar töluvert við sögu og er til gífurlegt magn af heimildum um þessa atburði. Verndun heimilda er mikilvæg þegar kemur að skrásetningu mannkynssögunnar, en þær verða til þess að komandi kynslóðir geti kynnt sér hvað gerðist, hvernig var tekið á málum og náð að upplifa það sem forfeður þeirra upplifðu, í gegnum frásagnir þeirra. Þess vegna eru ljósmyndir,

fréttaviðtöl og annað sem hægt er að nota til að sýna frá atburðum mikilvægur hluti af hlutverki fjölmiðla.

Verkefnið skiptist niður í tvo hluta. Fyrri hlutinn er fræðilegur hluti þar sem farið er yfir hlutverk fjölmiðla, hvað frétt er og siða- og verklagsreglur sem fjölmiðlar landsins hafa í gildi skoðaðar. Í lokin á fræðilega kaflanum er síðan farið yfir þá aðferðafræði sem höfð var að leiðarljósi við gerð verkefnisins. Aðferðafræðin sem var notuð er eigindleg aðferð þar sem notast var við viðtöl við einstaklinga sem tengdust flóðunum. Í bland við viðtölin er síðan vitnað í aðrar heimildir. Þar ber helst að nefna fjölmiðlaumfjallanir um atburðina, heimildamynd um snjóflóðin í Neskaupstað og fréttaviðtöl sem tengjast umfjöllunarefninu. Seinni hluti ritgerðarinnar eru síðan niðurstöður hennar, þar sem vitnað er í viðtöl við viðmælendur og niðurstöðurnar greindar til að finna svar við rannsóknarspurningunni.

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hver eða hvað það væri sem myndi stjórna aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða. Einnig var skoðað hvort viðhorfsbreyting hefði átt sér stað síðustu 50 ár á hlutverki fjölmiðla og hversu mikilvægt það væri fyrir samfélagið að heimildir um atburði sem þessa væru til staðar. Ástæðan fyrir því að þetta umfjöllunarefni varð fyrir valinu er sú að lítið hefur verið fjallað um þetta í rannsóknum sem þessari. Fjölmiðlar eru á vörum margra landsmanna og oft er það svo að þeir eru gagnrýndir fyrir það sem þeir gera. Fréttir um viðkvæm mál eins og slys og hamfarir eru eitthvað sem ber að fjalla um með nærgætni og virðingu við þá sem eiga um sárt að binda. Þrátt fyrir að hlutir sem þessir séu erfiðir eru þetta atburðir sem margir vilja fylgjast með og leita því mikið í fréttir þegar eitthvað slíkt gerist. Til eru fræðigreinar um hlutverk fjölmiðla og þær reglur sem eru í gildi, en að höfundu vitandi eru engar rannsóknir né fræðigreinar sem fjalla sérstaklega um umfjallanir, aðgengi og myndbirtingar í stórum snjófóðum á Íslandi.

2. Hlutverk fjölmiðla

Þrátt fyrir að flestir viti hvað fjölmiðill er getur reynst snúið að greina það nákvæmlega hvað þarf í raun og veru til þess að teljast fjölmiðill. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur þó gefið út nokkrar skýrslur um íslenska fjölmiðla og í þeim skýrslum er fjölmiðill skilgreindur sem fyrirtæki sem tekur saman og metur upplýsingar ásamt því að setja þær fram á þann hátt að töluverður fjöldi aðila, á ákveðnu svæði, hafi aðgang að þeim (Menntamálaráðuneytið, 2005, bls 11 - 15). Fjölmiðlar hafa tekið breytingum á undanförunum árum, en það hefur gerst með tilkomu tækniframfara s.s. netmiðla og síðast en ekki síst samfélagsmiðla. Undir skilgreininguna á samfélagsmiðlum falla miðlar á borð við *Facebook*, *Instagram*, *Twitter* og *Snapchat*, ásamt þeirra undirsíðum eins og *Messenger* sem er spjallforrit rekið af *Facebook*. Hægt er að færa rök fyrir því að hægt sé að flokka þessa miðla sem „nýja fjölmiðla“. Samfélagsmiðlar í dag eru orðnir það stór hluti af lífi flestra að auðvelt er að ná til og dreifa upplýsingum til stóra markaðshópa í gegnum þá.

Vægi netmiðla hefur aukist mikið undanfarin ár. Flestir stærri prentmiðlar, eins og Morgunblaðið og Fréttablaðið, reka einnig netmiðla samhliða prentmiðlum sínum. Samkvæmt topplista Gallup eru fimm vinsælustu netmiðlar landsins, *mbl.is*, *visir.is*, *dv.is*, *ruv.is* og að lokum *frettabladid.is* (Gallup topplistar, 2020). Þrír þessara miðla eru reknir sem netmiðlar og einnig sem dagblöð, að *visi.is* og *ruv.is* undanskildum. Oft er talað um að þessir miðlar séu að taka við af gömlu dagblöðunum, að unga kynslóðin lesi frekar það sem er á netinu. Með tilkomu bæði netmiðla, samfélagsmiðla og nýrrar tækni eins og snjalltækja eru fréttirnar farnar að berast okkur hraðar og oft á tíðum beint í vasann hjá okkur (Ingólfur Berg Gunnarsson, 2018, bls. 3-4).

Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í lífi fólks, sérstaklega þeirra sem búa í lýðræðisþjóðfélögum eins og hér á Íslandi. Hlutverk fjölmiðla er að upplýsa, fræða og mennta almenning ásamt því að vera með ákveðið skemmtanagildi. Fjölmiðlar hafa einnig það hlutverk að veita aðhald, sem þeir gera með því að hafa umfjallanir sínar faglegar og sanngjarnar (Páll Sigurðsson, 1997 bls 39-42). Fjölmiðlar hér á landi sinna einnig ákveðnu almannavarnahlutverki en þeir sjá um fréttáflutning á málefnum sem snerta almenning og nýjasta dæmið er án efa fréttáflutningur fjölmiðla af ástandinu á landinu í tengslum við COVID-19 kórónaveiruna sem herjaði á landið í ársbyrjun 2020 (Kórónuveiran COVID-19, 2020). Áhorf og lestur fjölmiðla hefur aukist töluvert á tímum COVID-19 veirunnar þar sem fólk leitar sér nýrra upplýsinga um stöðu mála. Ætla má að hluta af þessari aukningu megi rekja til

daglegra blaðamannafunda sem eru aðgengilegir í sjónvarpi, útvarpi og á vefmiðlum. Niðurstöður úr könnun sem Gallup framkvæmdi í lok mars sýna að 118.000 manns horfðu á kvöldfréttir á hverjum degi sem var töliverð aukning frá því í fyrra eða rúmlega 27%. Í sömu könnun kom í ljós að aukning varð einnig á lestri netmiðla og hlustun hádegisfrétta (Gallup, 2020). Þessar tölur sýna okkur meðal annars fram á að Íslendingar treysta á að fjölmiðlarnir séu að miðla mikilvægum upplýsingum til lesenda þegar þeir þurfa hvað mest á þeim að halda.

2.1 Siðferði og siðareglur

Siðferði er hugtak sem notað er yfir þær reglur í samfélaginu sem koma lifnaðarháttum okkar við. Siðferði hefur áhrif á samskipti okkar bæði við menn, dýr og umhverfið. Ef taka á siðferði saman í skýra lýsingu eru það hlutir sem við teljum rétta og ranga. Hægt er að færa rök fyrir því að siðferði sé misjafnt eftir löndum en eins og flestir vita eru mismunandi uppeldisaðferðir og mismunandi hugmyndir í gildi á mismunandi stöðum (Geir Þ. Þórarinsson, 2005). Þrátt fyrir það eru ákveðnar reglur skrifaðar og óskrifaðar í gildi um allan heim. Strax í barnæsku er okkur kennt hvað er rétt og hvað er rangt í okkar samfélagi. Í starfi blaða- og fréttamanna skipta þessar reglur miklu máli. Hluti af þessum reglum snýst um að sýna fagmennsku sem einkennist einkum af því að sýna hollustu við starf sitt og reyna að sinna þeim skyldum sem starfið leggur á þann sem því sinnir (Sigurður Kristinsson, 1993, bls. 134-137).

Á vefsíðu *Blaðamannafélags Íslands* er farið yfir ákveðnar siðareglur. Þar er sagt að blaðamenn skuli hafa grundvallarreglur mannglegra samskipta í huga ásamt rétti almennings hvað varðar tjáningarfrelsi, gagnrýni og rétt til upplýsinga. Siðareglurnar eru í heild sinni sex greinar sem taka á grundvallarreglum sem fjölmiðlafólki ber að fylgja. Fyrsta greinin vísar til þeirrar skyldu sem blaðamenn hafa gegn stétt sinni og er þar tekið fram að ekki megi vanvirða stéttina eða starfsgreinina á neinn hátt. Í annarri grein er tekið fram að blaðamaður ber persónulega ábyrgð á skrifum sínum og að þeim beri skylda til að virða trúnað við heimildamenn sína. Þriðja grein siðareglanna fjallar um að blaðamaður verði að vanda upplýsingaöflun sína og forðast að valda saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda sársauka eða vanvirðingu af einhverju tagi. Fjórða greinin fjallar um að blaðamenn megi ekki þiggja mútur eða hafa í hótunum við fólk. Í þeirri grein er líka talað um að þeirra skylda sé að huga að því hvenær öryggi borgara eða almannahagsmunir krefjast nafnbirtinga einstaklinga. Einnig er minnst á að þeir skuli, í dómsmálum, hafa regluna „saklaus uns sekt er sönnuð“ að leiðarljósi. Fimmta greinin fjallar um að blaðamaður skuli forðast eins og hægt er að lenda í hagsmunaágreiningi og megi því helst ekki fjalla um starfsemi sem hann á persónulega aðild

að. Einnig er minnst á að blanda ekki saman ritstjórnarefni og auglýsingum. Síðasta grein reglnanna er um Siðanefnd blaðamanna þar sem tekið er fram að hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið reglurnar geti kært til Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands en það verði að gerast innan tveggja mánaða frá birtingu. Til þess að hægt sé að kæra brot verður þó fyrst að vera búíð að hafa samband við viðkomandi miðill og óska leiðréttingar. Telji Siðanefnd að reglur hafi verið brotnar er málið tekið fyrir á fundi hennar og brot síðan flokkað eftir eðli þess. Þá er skoðað hvort brotið sé ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt (Blaðamannafélag Íslands, 1991.).

Við skrif þessarar ritgerðar verður þriðja grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands höfð til hliðsjónar þegar umfjöllun og myndbirtingar um nokkur snjóflóð, sem fallið hafa í byggð á Íslandi á seinustu 50 árum, og ullu miklu mann- og eignatjóni, verða tekin til nánari skoðunar.

2.2 Stefna og reglur íslenskra fjölmiðla

Stefna fjölmiðla er mismunandi eftir þeim áherslum sem hver og einn þeirra kys að fylgja. Í fræðilegum skilningi er orðið stefna (e. *Policy*) ákveðið plan, sem samanstendur af markmiðum, tilgangi og í einhverjum tilfellum tímaramma (Fourie. P, 2008 bls. 6-8). Eins og komið hefur fram verður hver og einn fjölmiðill að búa til sína stefnu sem hentar þeim. Flestir stærri fjölmiðlar hér á landi eru með ritstjórnarstefnu sína aðgengilega á vef miðilsins.

Fjölmiðlasamsteypan *Sýn* rekur fjölmiðlana Stöð 2, Stöð 2 sport, vefmiðilinn Vísí og útvarpsstöðvarnar Bylgjuna, FM957 og X977, auk þess að reka fjarskiptafyrirtækið Vodafone. Inn á heimasíðu *Sýnar* má nálgast stefnu þeirra fjölmiðla sem fyrirtækið rekur og þær verklagsreglur sem þeir vinna eftir. Í ritstjórnarstefnunni, sem er sameiginleg fyrir Stöð 2, Vísí og Bylgjuna, segir að hlutverk fréttastofu miðlana sé að vera upplýsandi fyrir almenning og vera ávallt með sannleikann að leiðarljósi.

Í stefnu *Sýn* er sérkaflí sem snýr að umfjöllun viðkvæmra mála. Undir viðkvæm mál flokkast til dæmis slys, kynferðisbrotamál, hamfarir og sérstök dómsmál þar sem börn eiga til dæmis í hlut. Í svona málum skal forðast að birta myndir eða myndbönd þar sem hætta er á að persónuupplýsingar eða einkenni séu greinileg, sérstaklega ef umfjöllunarefnið er enn á viðkvæmu stigi. Ein mikilvægasta reglan í stefnu þeirra er sú að birta ekki nöfn látinna einstaklinga nema yfirvöld eða aðstandendur gefi leyfi til þess.

Sér undirkafla er í stefnunni þar sem tekið er á hvernig skal haga umfjöllun og fréttáflutningi um málefni þar sem börn koma við sögu. Þessi kafla skiptir máli enda börn viðkvæmur hópur sem þarf að huga sérstaklega að. Þar er sérstaklega tekið fram að sýna þarf mikla nærgætni og hafa sérstaka vandvirkni í málefnum sem snúa að börnum. Bannað sé að ræða við barn sem ekki hefur náð löfgaldri nema að foreldrar eða forráðamaður gefi leyfi til þess (Sýn, e.d.).

Innanhúsreglur Morgunblaðsins eru hvergi aðgengilegar almenningi á netinu. Árið 2004 tók tímaritið *Bládamdurinn* þó saman innanhúss- og siðareglur fjölmiðla landsins. Þar er meðal annars fjallað um Morgunblaðið. Í þeirri umfjöllun er þó hvergi minnst á hvernig fara skal með umfjöllun um viðkvæm málefni, þar er aðeins stiklað á hvernig fara eigi með nafnbirtingar í viðkvæmum málum s.s. dómsmálum og slíku (Birgir Guðmundsson (ritstjóri), 2004, bls. 21). Við gerð þessa verkefnis var leitað svara hjá Karli Blöndal, aðstoðarritstjóra Morgunblaðsins um hvort það væru til skráðar reglur er varðar umfjallanir um viðkvæm málefni eins og náttúruhamfarir. Í svörum hans kom fram að engar skráðar reglur væru um þessar umfjallanir fyrir utan þær sem nefndar voru hér áðan. Karl bendir þó á að Morgunblaðið sé með þá stefnu að sýna nærgætni og það á sérstaklega við þegar fólk á um sárt að binda (Karl Blöndal, munnleg heimild).

Stefna Ríkisútvarpsins RÚV er aðgengileg á heimasíðunni www.ruv.is. Þar er farið yfir hvað miðilinn ætlar sér að gera, hvernig upphafsstaðan var, hvaða áskoranir eru nú í breyttu samfélagi. Einnig er fjallað um þær breytingar sem fjölmiðlar eru að horfa á með nýrri tækni og stafrænum heimi. Sú stefna RÚV sem er aðgengileg núna gildir árin 2017 – 2021 og er seinasti kafla hennar um hlutverk, framtíðarsýn og gildi miðilsins (Magnús Geir Þórðarsson, 2017). RÚV er miðill í eigu Íslendinga og starfar sem almannamiðill. Þegar skýrslan var gerð árið 2017 notuðu 70% landsmanna RÚV á hverjum degi, en þess ber að geta að þar er átt við sjónvarp, útvarp og vefsíðu miðilsins. Stefna RÚV sem almannafjölmiðils er að veita almenningi upplýsingar sem hægt er að treysta og hjálpa þeim þannig að takast á við þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni. Einnig er ætlast til að RÚV styrki menninguna, tungumálið okkar, en sé einnig með ákveðið skemmtanagildi (Magnús Geir Þórðarson, 2017).

Það skal haft í huga að Ríkisútvarpið er hluti af almannavarnakerfi landsins og því fylgja ákveðnar skyldur. Ríkisútvarpinu ber skylda til þess að koma tilkynningum frá Almannavörnum, björgunarsveitum, lögreglu og/eða hjálparsveitum á framfæri og rjúfa til þess útsendingu sé þess nauðsyn (Innanríkisráðuneytið, 2015, bls. 29). Þessi regla hefur verið notuð

hér á landi, til dæmis árið 2000 þegar útvarpsútsending var rofin til að greina frá Heklugosi. Önnur tilefni gætu verið aðrar náttúruhamfarir svo sem snjóflóð eða jarðskjálftar, stórslys og þess háttar.

RÚV er bæði með siðareglur og vinnureglur fréttastofu í gildi. Í vinnureglunum er annar kafli eingöngu helgaður frásögnum af slysum og öðrum viðkvæmum málum. Þar er fjallað um að fréttamenn þurfi að forðast að valda óþarfa hugarangri og sársauka. Sérstaklega er tekið fram að fólk geti verið mis hrifið af aðkomu fréttamanna, en nærfærni fréttamanna þurfi ekki að spilla fyrir fréttaoöflun. Bent er á að frásagnir af viðkvæmum málum megi ekki valda óþarfa sársauka og því sé skynsamlegt ef fréttamaður ráðfæri sig við fréttastjóra eða vaktstjóra um umfjöllun sína og leiti eftir aðstoð um frágang fréttarinnar. Sérstaklega er minnst á að fréttamenn fái oft lítinn tíma til að undirbúa spurningar og þess háttar en einnig beri að hafa í huga að aðrir sem koma að vettvangi, svo sem björgunarsveitafólk eða lögregla séu einnig undir álagi og hætta sé á að samskipti milli þessara tveggja hópa geti stjórnað af því. Að lokum er klausa um að myndir af vettvangi skulu vera meðhöndlaðar af tillitsemi og séu ekki notaðar nema að vel athuguðu máli (Rakel Þorbergsdóttir, 2016). Siðareglur Ríkisútvarpsins skiptast svo í fimm kafla sem snúast allir um vinnubrögð, framkomu, samskipti, hagsmuni og eftirfylgni. Starfsfólk þarf að sinna umfjöllun með opnum hug og gæta þess að vera óháð í þeim efnum er þau taka til umfjöllunar. Einnig er kveðið á um, eins og hjá öðrum fjölmiðlum, að passa skal að heimildir séu sannar, sanngirni sé gætt og að ekki megi mismuna fólki eftir stöðu þeirra í samfélaginu, kyni, trú eða einhverju öðru (Ríkisútvarpið, e.d.).

Eins og hægt er að sjá á þessu stutta yfirliti falla ritstjórnarstefnur og verklagsreglur stærri miðla hér á landi undir þær reglur sem Blaðamannafélag Íslands hefur gefið út. Einnig er hægt að greina að reglur milli miðla eru mjög svipaðar þrátt fyrir að sumar séu ítarlegri en aðrar. Ríkisútvarpið er með ítarlegustu reglurnar af þeim sem aðgengilegar voru. Óhætt er þó að segja að allir þeir miðlar sem skoðaðir voru hér að ofan séu með eitt og sama markmiðið, að deila upplýsingum með almenningi og sýna nærgætni í erfiðum málefnum.

2.3 Hvað er frétt?

Fréttir og fréttatímar eru sjálfsgæður hluti í lífi flestra hér á landi. Flest viljum við vera upplýst um það sem er í gangi hverju sinni í samfélaginu og því nálgumst við fréttir á þann hátt sem við teljum þægilegast fyrir okkur. Spurningin „Er þetta frétt“ kemur þó reglulega upp í athugasemdakerf netmiðla eða í samtali milli einstaklinga. Það sem einum einstaklingi gæti þótt frétt næmt getur verið slúður eða eyðsla á plássi fyrir öðrum.

Orðið frétt þýðir tíðindi eða frásögn samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs. Margir hlutir þurfa að smella saman svo frétt verði í raun og veru að frétt, en þar má helst nefna áhrifin sem atburðurinn hefur á samfélagið og hver tímasetningin er. Ef verið er að fjalla um persónu skiptir einnig máli hvort persónan sé þekkt eða hver þjóðfélagsstaða hennar er. Tilgangur fréttar er að upplýsa fólkið í þjóðfélaginu og því þarf að hafa í huga hvort efnið sem á að fjalla um skipti í raun og veru máli (Sigrún Stefánsdóttir, munnleg heimild (fyrirlestur), 19. janúar 2018). Norskir fræðimenn, þeir Galtung og Ruge, skrifuðu eitt sinn grein í *Journalism Studies* sem var byggð á rannsókn sem þeir höfðu gert. Þar komust þeir að þeirri niðurstöðu að frétt þyrfti að búa yfir einum af tíu eiginleikum sem þeir settu upp. Eiginleikarnir voru að fréttin myndi snúa að pólitík, frægri manneskju, vera með skemmtanagildi, snúast um eitthvað óvænt sem hefði gerst, vera um eitthvað slæmt eins og hamfarir, vera með jákvæðan vinkill eins og björgun, snúast um eitthvað sem við kemur stórum hóp af fólki, snúast um hitamál í samfélaginu, vera frétt um eitthvað sem er nú þegar í fréttum (e. follow-up) eða vera frétt sem passar inn í ákveðið fréttiform sem viðkomandi miðill hefur tileinkað sér (Harcup og O'Neill, 2016).

Fréttir hafa löngum skipst í tvo flokka, annars vegar harðar fréttir og hins vegar mjúkar fréttir. Hvernig skiptingin nákvæmlega liggur er þó ekki augljóst og virðist það fara að hluta til eftir því hver er að greina það. Harðar fréttir eru þó oftast skilgreindar sem upplýsingar sem fólkið í þjóðfélaginu þarf að vita og á rétt á að vita í lýðræðislegu samfélagi. Í flokki harðra fréttar má taka sem dæmi fréttir um stjórnsmál, efnahag, faraldur eins og COVID-19, umhverfismál, atvinnuleysi eða atvinnuástand í þjóðfélaginu hverju sinni ásamt fréttum frá lögreglu (Birgir Guðmundsson, 2012, bls. 323-342). Gott dæmi um harðar fréttir sem hægt er að tengja daglegu lífi okkar núna eru fréttir sem tengjast COVID-19 eins og frétttaflutningur um aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar eða þær tölulegu upplýsingar sem breytast á hverjum degi. Það steðjar að okkur ógn og við eigum rétt á að vita hvernig forystufólk landsins ætlar að leggja sitt af mörkum til að vernda okkur fyrir þeirri ógn. Undir þennan flokk myndi frétttaflutningur um slys, náttúruhamfarir og ógn flokkast.

Mjúkar fréttir eru aftur á móti andstæðan við þær hörðu. Þær eru oft á persónulegum nótum eins og lífsreynsluviðtöl við fólk. Annað sem flokkast myndi undir mjúkar fréttir væru fréttir af tísku, íþróttum, umfjallanir um tónleika eða leiksýningar og annað í þeim dúr (Birgir Guðmundsson, 2012, bls. 323-342). Þetta eru fréttir sem okkur finnst gaman og áhugavert að lesa, tengjast oft áhugamálum fólks en skipta minna máli þegar kemur að upplýstri ákvarðanatöku okkar á málefnum sem við koma þjóðfélaginu.

3. Aðferð og rannsóknarspurning

Við gerð þessarar ritgerðar var notast við eigindlega aðferðafræði í bland við heimildavinnu. Ástæða þess að eigindleg rannsóknaraðferð var valin er sú að hún snýst um að fá dýpri skilning á ákveðnum málefnum með viðtölum. Taka skal fram að eigindleg aðferð gefur ekki til kynna hvaða skoðanir eru algengastar hjá fólki, því er um persónubundið álit að ræða (Markaðs og miðlarannsóknir ehf, e.d.). Þetta persónulega álit fólks er fengið til þess að fá dýpri skilning á upplifun fólks sem starfar á einn eða annan hátt við störf sem tengjast viðkvæmum málum eins og eru til umfjöllunar í þessari ritgerð. Við gerð verkefnisins var snjóboltaúrtak áberandi (*e. Snowball sampling*) vart. Snjóboltaúrtak er oft notað þegar verið að skoða lítið eða afmarkað efni eins og á við í þessari ritgerð þar sem einungis fjögur snjóflóð eru til skoðunar en ekki öll snjóflóð sem hafa orðið hér á landi. Snjóboltaúrtak virkar þannig að byrjað er með ákveðna viðmælendur sem síðan benda á aðra hugsanlega viðmælenedur og svo koll af kolli þar til öllum nauðsynlegum upplýsingum hefur verið safnað eða viðmælendur eru orðnir nógu margir (Explorable.com, 2009). Tekin voru viðtöl við tíu manns sem gátu hjálpað til við að svara þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram. Tekið var viðtal við einn lögreglumann, Grím Grímsson, og var það gert til að varpa ljósi á samskipti lögreglu og fréttamanna almennt séð. Rætt var við Eggert Skúlason fyrrverandi fréttamann á Stöð 2 og var það ákveðið af þeirri ástæðu að hann var fréttamaður á vettvangi í snjóflóðunum á Súðavík og Flateyri 1995. Guðmundur Gunnarsson, fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, veitti einnig viðtal um reynslu hans sem bæjarstjóri á þeim tíma er snjóflóðin á Flateyri féllu nú í ársbyrjun 2020. Við gerð verkefnisins var leitað áhlits hjá Óttari Sveinssyni rithöfundu um mikilvægi þess að eiga heimildir frá atburðum sem þessum. Jóhann Hauksson fyrrverandi fréttamaður RÚV svaraði spurningalista sem hann fékk sendan í tölvupósti um sína upplifun á snjóflóðinu á Súðavík, en hann var fréttamaður á vettvangi þegar það átti sér stað. Kristinn V. Jóhannsson var forseti bæjarstjórnar á Neskaupstað árið 1974 þegar flóðið féll og svaraði hann spurningalista um upplifun sína. Hjónin Ína Dagbjört Gísladóttir og Víglundur Gunnarsson voru heimsótt, en þau voru búsett á Neskaupstað þegar flóðin féllu. Rætt var við þau um upplifun þeirra og fjölmiðlaumræðu um efnið. Viðtöl við hjónin fóru fram á heimili þeirra á Neskaupstað í byrjun maí 2020.

Einnig var ákveðið að leita til fólks sem hafði ólík sjónarhorn á atburðina. Til þess var leitað eftir viðbrögðum frá aðilum í björgunarsveit og var Halldór Óli Hjálmarsson, björgunarsveitarmaður, tilbúinn til að gefa höfundu innsýn í þau mál en hann var

björgunarsveitarmaður í þremur af þeim flóðum sem eru til umfjöllunar hér. Þau voru Súðavík og Flateyri 1995 og svo Flateyri nú í ársbyrjun 2020.

Vegna COVID–19 faraldursins var ekki hægt að taka viðtöl við viðmælendur auglitis til auglitis eins og upprunalega var áætlað. Viðtölin við Eggert og Guðmund fóru því fram í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom. Viðtölin við Óttar og Grím fóru fram í gegnum síma, en Jóhann, Kristinn og Halldór Óli fengu spurningarlista senda með tölvupósti.

Í umræðum við nokkra viðmælendur kom fram að best væri ef til væru fyrirframgerðar aðgerðaráætlanir í hverju sveitarfélagi fyrir sig og í þeim væri skýr kafli um samskipti við fjölmiðla og hver myndi sjá um þau, ef til atburða kæmi s.s. náttúruhamfara. Í ljósi þess var ákveðið að senda tölvupóst á öll sveitarfélög landsins með yfir 200 íbúa til að kanna tvö atriði. Í fyrsta lagi hvort aðgerðaráætlun væri til staðar eða í vinnslu og í öðru lagi hvort skýrar reglur væru til um samskipti við fjölmiðla. Út frá einum tölvupósti kom löng og góð útskýring á aðgerðaráætlun Almannafrá Guðmundi Helga Sigfússyni, slökkviliðsstjóra Fjarðabyggðar, sem notast var við þegar verkefnið var unnið.

Markmið verkefnisins var að kanna hvernig aðgangur fjölmiðla er að vettvangi snjóflóða og hvernig einstaklingar, bæði fréttamenn og íbúar, upplifa fjölmiðlaumfjöllun um viðkvæm málefni eins og snjóflóð. Einnig var skoðað hvort umfjöllun um þau hafi tekið miklum breytingum á þeim fimm tíu árum sem eru til skoðunar. Viðtölin voru síðan skrifuð orðrétt niður, greind og skipt upp í þemu sem síðan var unnið úr til að komast að niðurstöðu. Út frá því sem komið hefur fram í fræðilega kaflanum hér að ofan er auðvelt að draga þá ályktun að fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að dreifingu upplýsinga til almennings og á það einnig við í málefnum sem þessum. Til þess að fá svar við þessu var sett fram rannsóknarspurningin *Hvað ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hafa orðið viðhorfsbreytingar á hlutverki fjölmiðla síðustu 50 ár þegar kemur að umfjöllun um snjóflóð?*

4. Sögulegt yfirlit

Stundum er talað um að Íslendingar búi við óblíð náttúruöfl. Þegar náttúruöflin láta hvað mest finna fyrir sér, er talað um náttúruhamfarir, en það eru óviðráðanlegir stóratburðir í náttúrunni sem valda miklu tjóni eða mannskaða. Náttúruhamfarir af ýmsum toga hafa í gegnum aldirnar valdið Íslendingum miklu tjóni. Hér á landi er einkum um að ræða eldgos, jarðskjálfta, jökulhlaup, skriðuföll, óveður, hafís og snjóflóð (Tómas Jóhannesson, 2011). Hér á eftir verður sjónum beint sérstaklega að fjórum snjóflóðum sem fallið hafa á Íslandi síðustu 50 ár og valdið mann- og fjárhagstjóni. Það eru snjóflóðin í Neskaupstað 1974, snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri 1995 og að lokum snjóflóðin á Flateyri 2020.

4.1 Snjóflóð

Oftast er snjóflóðum skipt í tvo flokka, *Flekaflóð* og *Lausasnjóflóð*. Flekaflóðin eru talin hættulegri en lausasnjóflóð. Flest þeirra snjóflóða sem fallið hafa hér á landi, og valdið slysum, hafa verið flekaflóð eins og þau flóð sem fjallað verður um í þessu verkefni. Munurinn á þessum flóðum er aðallega sá að lausasnjóflóð byrja oft á einum punkti og dreifa síðan úr sér. Ekki er hægt að segja til um hversu mikill halli þarf að vera til að lausasnjóflóð fari af stað, það fer eftir því hvernig snjór er til staðar hverju sinni. Þessi flóð eru oftast lítil en geta þó orðið stór, sérstaklega ef þau eru vot. Flekaflóðin eru hins vegar háð veðurþáttum, það er að segja vindáttum, hitastigi og vindstyrk. Upptök flekaflóða eru oftast í 25-55 gráðu halla og er ólíklegt að flekaflóð myndist á stað þar sem halli er meiri eða minni (Harpa Grímsdóttir, 2006). Veðurfar er eitt af því sem verður að taka tillit til þegar rætt er um snjóflóð. Oftast er það svo að hættan á snjóflóðum verður meiri þegar aftakaveður verður eins og oft gerist á Íslandi að vetri til. Þessum veðrum fylgir oft töluverð snjókoma og skafrenningur. Samkvæmt Veðurstofu Íslands verða mestu snjóflóðahrinurnar þegar Norðan og norðaustan áhlaup herja á landið en þessar áttir eru algengilegar á norðanverðu landinu sem dæmi. Einnig er það svo að vindur spilar stórt hlutverk og oft er mjög vindasamt dagana fyrir snjóflóð. Þrátt fyrir að margir haldi að úrkomumagn verði til þess að snjóflóð falli er það ekki svo, en úrkoman stjórnar því hins vegar oft hversu stór flóð verða (Veðurstofa Íslands, 2012).

4.2 Snjóflóðin í Neskaupstað 1974

Neskaupstaður í Norðfirði er nyrsti byggðarkjarninn í Fjarðabyggð á Austfjörðum. Þorpsmyndun hófst á staðnum í kring um 1895 sem rekja má til saltfiskverkunar sem hófst þar í kring um 1870. Í byrjun árs árið 1929 fékk Neshreppur kaupstaðarréttindi sín og var kaupstaðurinn nefndur Neskaupstaður. Á þessum tíma voru íbúar 1.103, en þeim átti eftir að

fjölga töluvert og var íbúafjöldi árið 1990 orðinn 1.754 manns. Íbúafjöldi rokkaði síðan næstu ár en sumarið 2018 var íbúafjöldi í kringum 1.500 manns. Neskaupstaður er sjávarþorp og því hafa störf tengd sjónum, eins og fiskvinnsla, verið helsta atvinnugreinin á staðnum (Fjarðabyggð, e.d.).

Föstudagurinn 20. desember 1974 mun seint renna íbúum Norðfjarðar úr minni. Þennan örlagaríka dag féllu tvo snjóflóð á byggðina í Neskaupstað og eyðilögðu þau stóran hluta af atvinnulífi bæjarins ásamt því að íbúðarhúsnæði varð fyrir flóðinu. Tólf manns fórust, þar af tvö ung börn.

Fyrri flóðið féll rétt fyrir klukkan tvö eftir hádegi og lenti á starfsstöðvum Síldarvinnslunnar, fiskvinnsluhúsinu, bræðslunni og birgðageymslu sem stóð þar skammt frá. Þar sem Neskaupstaður var á þessum tíma, og er enn, sjávarþorp, fór undirstaða atvinnulífs bæjarins á einu bretti í flóðinu. Það þótti þó jákvætt í þessum aðstæðum að ekki var vinnsla í fullum gangi enda að nálgast jól og flestir bæjarbúar því komnir í jólafrí (Haukur Helgason, 1974, bls. 6). Bæjarbúar urðu fljótt varir við að eitthvað hefði komið fyrir enda bræðslan horfin og umhverfið sem þeir áttu að venjast allt í einu orðið annað. Fljótlega voru menn því farnir að fjölmenna inn að flóðasvæði og byrja björgunaraðgerðir. (Eiríkur Þór Hafdal og Þórarinn Hávarðsson, 2017).

Seinna flóðið féll örfáum mínútum síðar. Það féll innar í bænum eða á svokölluðu Mánasvæði en þar stóðu m.a. bifreiðaverkstæði og steypustöð ásamt íbúðarhúsnæði. Samkvæmt fréttaritara Þjóðviljans á þessum tíma, Guðmundi Bjarnasyni, var Almannafróðingur Neskaupstaðar strax kölluð til og hittist hún á milli klukkan 14:00 og 14:30 til að skipta með sér verkum. Heimamenn sáu sjálfir um leitina fyrsta hálfu sólarhringinn og er talið að um 200- 300 manns hafi verið í stöðugri leit fram að miðnætti en fljótlega upp úr miðnætti voru fyrstu sjálfboðaliðarnir frá öðrum bæjarfélögum væntanlegir á staðinn. Frá því að flóðið féll og til klukkan 20:00 um kvöldið var fimm bjargað úr flóðunum tveimur, en sex fundust látnir. Leit var þá haldið áfram og fyrir miðnætti fundust aðrir þrír látnir. Um nóttina komu síðan sjálfboðaliðar frá svæðinu í kring til Neskaupstaðar. Hópur kom frá Eskifirði rétt um klukkan 01:00, næsti frá Reyðarfirði um klukkan 07:00 morguninn eftir og síðan hópur frá Fáskrúðsfirði um klukkan 09:30. Vert er að minnast á að vegna veðurs og færðar var landleiðin ófær og því komu sjálfboðaliðar og tæki siglandi á staðinn (Guðmundur Bjarnason, 1974, bls 2-3).

Fyrir hádegi þann 21. desember, fannst maður á lífi og markaði það ákveðin kaflaskil í leitinni enda rúmlega 20 klukkustundir síðan að flóðið hafði fallið. Allur dagurinn fór í leit á svokölluðu Mánasvæði og hreinsunarstörf í bænum og um miðjan dag var byrjað að leita í sjónum út af svæðinu. Leit hélt áfram þann 22. desember en samtímis því var útskipun á fiski hafin úr frystihúsinu. Þann dag komu forsætisráðherra og þingmenn austur til þess að kanna hvernig ástandið væri (Guðmundur Bjarnason, 1974, bls. 2-3).

Tíu dögum eftir flóðið eða þann 30 desember, var útför þeirra sem létu lífið í flóðunum haldin frá Egilsbúð, samkomuhúsinu í Neskaupstað. Samkvæmt umfjöllun Tímans um útförina má áætla að 700 – 800 manns hafi verið þar viðstaddir. Blaðið segir frá því að við útförina hafi nöfn hinna látnu verið lesin upp og þeirra tveggja sem aldrei fundust verið minnst (Þórarinn Þórarinsson, 1974, bls. 3).

4.3 Snjóflóðin í Súðavík 1995

Súðavík er lítið þorp á Vestfjörðum og stendur við Álftafjörð. Á fyrri öldum var Súðavík mikill verslunarstaður og eru til heimildir allt frá 16. öld um verslunarfólk á staðnum. Árið 1904 breyttist stefnan þó og eftir það varð staðurinn aðallega sjávarþorp og var sjávarútvegurinn stærsta atvinnugreinin og er það enn þann dag í dag. Undanfarin ár, með tilkomu fleiri ferðamanna til landsins, hefur Súðavík einnig orðið frægur ferðamannastaður enda nóg sem hægt er að sjá þar. Íbúðarfjöldi í Súðavík er í dag um 200 manns (Markaðsstofa Vestfjarða, e.d.).

Mánudaginn 16. janúar 1995, klukkan 06:25 féll stórt snjóflóð á byggðina í Súðavík. Þetta snjóflóð er talið vera eitt mannskæðasta snjóflóð Íslandssögunnar en í flóðinu létust 14 manns, þar af átta börn. Flóðið eyðilagði 15 íbúðarhús. Að kvöldi þessa dags féll síðan annað flóð á byggðina og tók það flóð þrjú íbúðarhús (Kolbeinn Tumi Daðason, 2015). Fyrstu fréttir um flóðin bárust landsmönnum í gegnum útvarp tæpum fimm klukkustundum síðar, eða klukkan 10:40 þegar tilkynning frá Almannavörnum var lesin upp. Broddi Broddason fréttamaður sá um að flytja landsmönnum þessar hörmulegu fréttir. Í tilkynningunni segir að lögreglan hafi fengið upplýsingar um flóðið klukkan 06:29 eða rúmlega fjórum mínútum eftir að það féll. Í tilkynningunni er einnig greint frá því að björgunarsveitafólk, læknar, hjúkrunarfólk og 44 manna björgunarteymi ásamt leitarhundum frá Ísafirði sé þegar mætt til Súðavíkur til aðstoðar (Ásrún Brynja Ingvarsdóttir, 2020). Fyrstu blaðaumfjallanir birtust þann 17. janúar enda búið að gefa út blaðið fyrir daginn sem snjóflóðið féll.

Forsíða *Alþýðublaðsins* daginn eftir flóðið er þakin fréttum af atburðinum, greint var frá

þjóðarsorg og bænastund auglýst. Fyrirsögn forsíðunnar er „*Harmleikur á Súðavík – fimm fórust og ellefu saknað eftir einhverja mannskæðustu náttúruhamfarir seinni tíma*“. Þegar blaðið fór í prentun, að kvöldi 16 janúar, var búið að finna 15 manns, tíu var bjargað á lífi en fimm voru látnir (Alþýðublaðið, 1995). Forsíða Morgunblaðsins að morgni 17. janúar greinir frá því kraftaverki að unglingsstúlka hafi fundist á lífi eftir 15 klukkustunda leit. Á forsíðunni er bent á að klukkan tvö um nóttina, 19 og hálfri klukkustund eftir flóðin, hafi átta manns verið fundnir látnir en sjö enn saknað (Morgunblaðið, 1995a, bls. 1). Fátt var um önnur umfjöllunarefni í blaðinu þennan dag en snjóflóðin. Mikið var um viðtöl við fólk sem hafði lent í flóðunum, þar á meðal var rætt við Sigríði Hrönn Elíasdóttur sem var sveitarstjóri á Súðavík. Í viðtali við Morgunblaðið lýsti hún aðkomunni í þorpinu og rakti stuttlega hvað gerst hafði undanfarinn sólarhring (Morgunblaðið, 1995b, bls. 2).

Af þeim 14 sem létu lífið í þessum náttúruhamförum voru 11 jarðsungnir í Reykjavík. Kistur þeirra komu til Reykjavíkur með varðskipinu að morgni sunnudagsins 22. janúar. Margir voru viðstaddir og var staðinn heiðursvörður þegar kisturnar voru bornar frá borði. Greint var frá því í Morgunblaðinu þann 24. janúar að þrjár útfarir færu fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík en í þeim þrem væru níu manns jarðsungnir, og tvær frá Lágafellskirkju í Mosfellssveit. Einnig var greint frá því að ein útför færi fram frá Súðavík og tvær frá Ögri við Ísafjarðardjúp (Morgunblaðið, 1995c, bls. 28).

4.4 Snjóflóðin á Flateyri 1995

Flateyri er í Önundarfirði og tilheyrir í dag Ísafjarðarbæ. Flateyri hlaut verslunarréttindi árið 1823, en þrátt fyrir það byrjaði þorpsmyndun ekki fyrr en á níunda og tíunda áratug nítjándu aldar. Segja má að allt hafi breyst upp úr árinu 1889 þegar sett var upp hvalveiðistöð og fjöldi aðkomufólks fluttist vestur til að fá vinnu við hana. Upp frá því óx byggðin smám saman og myndar hún í dag sjávarþorp með rétt um 200 íbúa (Eiríkur Finnur Greipsson, e.d.).

Tíu mánuðum eftir að snjóflóðin féllu á Súðavík féll stórt snjóflóð á byggðina á Flateyri. Þetta var aðfaranótt 26. október og féll snjóflóðið klukkan 04:07. Flóðið féll úr Skollahvilft og fór það yfir snjóflóðavarnir staðarins. Tuttugu manns létust í flóðinu og er það því mannskæðasta snjóflóð sem fallið hefur á Íslandi seinustu 50 ár (Valgeir Örn Ragnarsson, 2015). Broddi Broddason færði landsmönnum fréttirnar um flóðið í fréttayfirliti klukkan 07:30 um morguninn eða þremur og hálfum tíma eftir að það féll. Þar kemur fram að flóðið hafi fallið og óttast sé um fólk en þó sé það ekki staðfest að fólk hafi lent í flóðinu. Í morgunfréttum klukkan 08:00 er síðan farið nánar yfir málið og þá er staðfest að verið sé að leita að fólki.

Flóðið sem féll á Flateyri þennan morgun var þurrt flekaflóð en sú tegund snjóflóða er talin sú hættulegasta (Halla Ólafsdóttir, 2015). Fyrstu fréttir voru þær að flóðið hefði farið yfir 17 íbúðarhús, en þegar leið á daginn kom í ljós að húsin voru 19 talsins. Flóðið lenti einnig á bensínstöð Esso, safnahúsinu, spennistöð og fjarvarmaveitu.

Strax eftir að flóðið féll hófu heimamenn leit og voru allir karlmenn sem höfðu afl til sendir út að moka, en konurnar undirbjuggu móttöku fólks sem hafði lent í flóðinu og var kalt og jafnvel slasað. Strax um morguninn var sex manns bjargað, en einn fannst látinn. Næstu tíðindi bárust síðan eftir hádegi, en þá höfðu fjórir til viðbótar fundist, allir á lífi. Þegar leið á daginn fóru fleiri að finnast og atburðarásin var orðin hröð um miðjan dag. Um kvöldmatarleytið var orðið ljóst að 17 manns hefðu farist í flóðinu, þar á meðal voru þrjú börn. Á sama tíma stóð leit enn yfir, þriggja var saknað og í þeim hópi var eitt barn (Halla Ólafsdóttir, 2015). Seinnipart föstudagsins 27. október voru allir fundnir. Þá var ljóst að tekist hafði að bjarga 21 manns strax eftir að flóðið féll, fjórum var bjargað á lífi úr flóðinu, en 20 manns voru látnir (Helga Guðrún Johnson og Sóley Eiríksdóttir, 2016). Eins og áður sagði voru það heimamenn sem byrjuðu leit og sáu þeir alfarið um hana fyrstu klukkutímana eins og oft vill verða í svona aðstæðum. Þeim barst svo hjálp frá Ísafirði um klukkan 10:00 eða sex tímum eftir að flóðið féll. Í hópi þeirra sem komu frá Ísafirði til aðstoðar voru leitarhundar sem áttu eftir að skipta gríðarlega miklu máli. Þegar leið á daginn bættist í hóp leitarmanna og um kvöldmatarleytið þennan dag var talið að 220 manns væru við vinnu á Flateyri, en í þeim hópi voru björgunarmenn, læknar og hjúkrunarfræðingar (Halla Ólafsdóttir, 2015).

Að kvöldi föstudagsins var haldin fjölmenn bænastund í Flateyrarkirkju. Þangað komu bæjarbúar, björgunarsveitarmenn og aðrir sem á staðnum voru. Á sama tíma var haldin minningarathöfn fyrir sunnan, í Neskirkju þar sem Flateyringar, Önfirðingar og aðstandendur komu saman til þess að minnst hinna látnu, en einnig til að finna styrk hjá hvert öðru í sorginni sem allir voru að upplifa. Dagarnir á eftir flóðinu voru þokukenndir fyrir íbúa staðarins og þjóðin var í áfalli. Á sunnudeginum eftir flóð komu kistur nokkurra hina látnu suður til Reykjavíkur og var tólf kistum með fimmtán hinna látnu komið fyrir í Fossvogskapellu. Hin látnu voru jörðuð á höfuðborgarsvæðinu, en þrír voru jarðaðir fyrir vestan og tveir á Stokkseyri. Þeir 20 Flateyringar sem létust í flóðinu voru jarðsungnir í tíu útförum sem allar fóru fram sömu vikuna, dagana 2. – 7. nóvember. Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti, mætti í allar jarðarfarirnar sem voru á höfuðborgarsvæðinu og sýndi þannig aðstandendum samúð sína. Flateyri er lítið þorp þar sem allir þekkja alla og því var það svo að sama fólkið mætti í jarðarfarirnar. Flateyri var mannlaus að mestu á þeim tíma og kom aðkomufólk til hjálpar sem

sá um þau störf í bænum sem þurfti að vinna á meðan (Helga Guðrún Johnson og Sóley Eiríksdóttir, 2016).

4.5 Snjóflóðin á Flateyri 2020

Í byrjun árs 2020 féllu þrjú snjóflóð á Vestfjörðum seint um kvöld. Tvö þeirra féllu á Flateyri og eitt í Súgandafirði. Flóðin féllu með stuttu millibili og þegar fyrstu fréttir bárust að kvöldi 14. janúar var talið að aðeins tvö flóð hefðu fallið, annað þeirra á Flateyri og hitt í Súgandafirði. Strax varð ljóst að mikið eignatjón hafði orðið á Flateyri en ekki var vitað um alvarleg slys á fólki. Flóðin sem féllu á Flateyri fóru sitt hvoru megin við þá snjóflóðavarnargarða sem þar eru til staðar. Eitt íbúðarhús með þremur íbúum varð fyrir flóðinu en allir sluppu út án alvarlegra meiðsla (Jóhann K. Jóhannsson og Kristín Ólafsdóttir, 2020). Strax um nóttina greindu fjölmiðlar frá því að flóðið hafi fallið á þetta íbúðarhúsnæði. Unglingsstúlka grófst undir flóðinu en björgunarmenn náðu til hennar fljótlega og náðu henni upp. Hún var heil á húfi en þó í áfalli (Kristín Ólafsdóttir, 2020).

Alla nóttina voru fjölmiðlar landsins duglegir að vera með fréttáflutning af gangi mála. Margir Íslendingar voru þó í fastasvefni þegar fyrstu fréttir komu og fréttu því ekki hvað hefði átt sér stað fyrr en morguninn eftir. Fólki var beðið um að halda kyrru fyrir heima hjá sér því ekki var vitað hvort hætta væri á fleiri flóðum. Fólki var mjög brugðið og á meðan allir þökuðu fyrir að ekkert manntjón hafi orðið vakti þetta upp sterkar tilfinningar og sárar minningar hjá mörgum. Guðmundur Gunnarsson þáverandi bæjarstjóri Ísafjarðabæjar lýsti því yfir í viðtali um nóttina við Ríkisútvarpið að hugur fólks væri hjá Flateyringum. Einnig minntist hann á að veðuraðstæður væru erfiðar og að vegir væru lokaðir og landleiðin á staðinn því ekki fær fyrir viðbragðsaðila (Freyr Gígja Gunnarsson, 2020).

Fljótlega eftir flóð voru vangaveltur uppi um stærð þess. Þó að ekki væri hægt að segja til um umfang þess strax var vitað að flóðin voru frekar stór og var fljótlega farið að bera þau saman við flóðið sem skolið hafði á Flateyri árið 1995. Eins og áður sagði voru þetta tvo flóð, fyrra féll úr Skollahvilft en varnargarðurinn þar gerði það að verkum að flóðið náði ekki inn í þorpið sjálf heldur leiddi flóðið niður í höfn þar sem það olli miklu tjóni. Seinna flóðið kom síðan úr Bæjargili. Það flóð fór að hluta til yfir varnargarða sem eru við bæinn og fór þannig á húsið sem var áður minnst á. Við Súgandafjörð féll svo flóð yfir Norðureyri. Það flóð olli flóðbylgju sem skall á Suðureyri. Það flæddi inn í einhver hús á staðnum og einhverjar skemmdir urðu á bílum sem voru við sjávargötuna (Róbert Jóhannsson, 2020). Töluvert eignatjón varð í flóðinu og þá sérstaklega á Flateyri þar sem höfnin skemmdist og bátar sem við hana lágu fóru á kaf.

Fréttamyndir sem tóku að birtast að morgni 15. janúar og næstu dagana eftir flóðin sýndu það vel hvernig umleikis var við höfnina. Olútankur stóð á flotbryggju sem fór í flóðinu og kom fljótlega í ljós að tankurinn hafði farið í sjóinn (Brynjólfur Þór Guðmundsson, 2020). Samhugur þjóðarinnar var mikill og á stuttum tíma fóru samfélagsmiðlar að loga og augljóst að hugur Íslendinga var fyrir vestan. Fólk gladdist yfir því að tekist hefði að bjarga stúlkunni og að hún hefði ekki slasast alvarlega. Aðrir þökkðu fyrir björgunarsveitina og snjóflóðavarnargarðana (Oddur Ævar Gunnarsson, 2020).

4.6 Samantekt

Tæplega hálf öld leið á milli þeirra snjóflóða sem fjallað er um hér frammar. Þrátt fyrir það má finna margt líkt með flóðunum þó eitthvað hafi breyst með tímanum. Það fyrsta sem hægt er að sjá og er líkt með þeim öllum, er hvað heimamenn spila stórt hlutverk fyrstu klukkustundirnar eftir að flóð féll. Flóðin gerast öll í bæjum sem voru á þessum tíma frekar einangraðir á veturna, sérstaklega þegar leiðinlegt veður var. Það var því ekki auðvelt fyrir björgunarsveitamenn, aðra en sveit viðkomandi bæjarfélags, að komast á staðinn og í öllum tilfellum tók það nokkrar klukkustundir fyrir utanaðkomandi hjálp að berast. Á meðan vann heimafólk hörðum höndum við að leita og grafa upp fólk. Hafa skal í huga að þessi bæjarfélög eru öll frekar lítil og fólk því mjög náíð og í einhverjum tilfellum töluvert skylt hvert öðru. Erfiðar samgöngur og leiðinlegt verður gerði það einnig að verkum að fjölmiðlar voru lengi að komast á staðina til að afla myndefnis, viðtala og annarra heimilda. Það má þó sjá mun á þremur eldri flóðunum og flóðinu sem féll nú í ársbyrjun 2020, en með þeirri tækni sem við höfum í dag er auðvelt að koma myndefni milli landshluta án þess að þurfa að nota samgöngur, því var myndefni mun hraðar að komast til fréttastofu heldur en áður fyrr.

Snjóflóðin í Neskaupstað og flóðin fyrir vestan árið 1995 voru flóð þar sem fólk lét lífið og mikið eignatjón varð. Flóðið sem féll í ársbyrjun 2020 er ólíkt hinum þar sem ekkert manntjón varð. Einnig er það flóð ólíkt þar sem einungis varð eignatjón á einu íbúðarhúsi meðan hin þrjú tóku mörg íbúðarhús og jafnvel atvinnuhúsnæði. Mikið eignatjón varð þó í öllum flóðunum bæði á persónulegum eignum fólks og tækjum atvinnulífsins.

Eftir öll flóðin var fjölmiðlaumræða töluverð, enda um atburði að ræða sem öll þjóðin vildi fylgjast með. Það hefur þó breyst hvernig sú umræða hefur verið með tilkomu nýrrar tækni eins og áður var minnst á. Netmiðlar spila þar töluvert hlutverk en í flóðunum 1995 voru einhverjir netmiðlar eins og *mbl.is* komnir til sögunnar og fluttu þeir fréttir af flóðinu. Það

sama gildir um flóðið árið 2020 og nú voru fyrstu fréttir netmiðla komnar inn örfáum mínútum eftir að flóðin áttu sér stað (Arnar Þór Ingólfsson, 2020).

Hér lýkur fræðilegri yfirferð á fjölmiðlum og reglum þeirra ásamt sögulegu yfirliti yfir þá atburði sem eru til skoðunar í verkefninu. Seinni hlutinn tekur við og þar verða teknar saman óvísindalegar niðurstöður rannsóknarinnar, þær kynntar og greindar niður í undirkafla til að svara rannsóknarspurningunni sem sett var fram í byrjun.

5. Aðgengi fjölmiðla að vettvangi

Þeir viðmælendur sem fengnir voru í þetta verkefni koma frá mismunandi stöðum og sjá atburðina því með mismunandi sjónarhorni. Í næstu köflum verður lögð áhersla á að svara rannsóknarspurningunni út frá því sem þeir höfðu að segja um málefnið. Einnig verður stuðst við aðrar heimildir svo sem fjölmiðlaumfjallanir bæði úr dagblöðum, netmiðlum og sjónvarpi ásamt heimildarmynd sem búin var til um atburðina í Neskaupstað.

Þegar náttúruhamfarir verða er eðlilegt að fjölmiðlar fari af stað og byrji að safna fréttum, myndum og jafnvel myndböndum frá vettvangi. Þegar atburðir sem þessir eiga sér stað eru það yfirvöld sem taka yfir stjórnun á staðnum. Oftast er það einhver úr Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, lögreglan á staðnum eða formaður þeirrar björgunarsveitar sem fer með stjórnun aðgerða. Í langflestum tilfellum hér á landi hafa fjölmiðlar greiðan aðgang að vettvangi eins og þeim sem skapast í náttúruhamförum eins og þeim sem fjallað er um hér. Þó eru til undantekningar eins og fjölmiðlabannið sem sett var á þegar flóðið á Súðavík féll, en nánar verður fjallað um það hér á eftir.

5.1 Almenn um samskipti lögreglu og fjölmiðla

Á vefsíðu Bláðamannafélags Íslands má finna leiðbeiningar frá Ríkislögreglustjóra sem snúa að samskiptum lögreglu og fjölmiðla. Þessar leiðbeiningar eru gefnar út í sjö meginliðum til að setja skýr mörk um hvernig samstarfinu skal háttað.

Fyrsti liðurinn fjallar almennt um samskiptin. Þar er nefnt að mikilvægt sé að þau séu góð þar sem fjölmiðlar vinni í þágu borgara landsins og fjölmiðlar eru nauðsynlegir til þess að birta sannar fréttir af þeim atburðum sem eru í gangi hverju sinni. Í þessum lið eru lögreglustjórar hvers umdæmis fyrir sig hvattir til að nýta sér fjölmiðla og minntir á að hægt sé að nota þá til að tryggja gott samband milli yfirvalda og fólksins í samfélaginu. Í lok fyrsta liðar er talað um mikilvægi þess að vinsamlegt viðmót og virðing sé til staðar.

Annar liður fjallar um ábyrgð lögreglustjóra í samskiptum við fjölmiðla, en samkvæmt 4.gr. reglugerðar nr. 49/2003 um starfsstig innan lögreglunnar er það lögreglustjóri hvers embættis fyrir sig sem ber ábyrgð á því að koma fram í fjölmiðlum en honum er þó heimilt að fela öðrum það verkefni.

Þriðji liður snýr að upplýsingum vegna starfa lögreglunnar. Þar er talað um að lögreglan meti hvort skynsamlegt sé að taka þátt í umfjöllun fjölmiðla og verði að velja þær upplýsingar

sem veittar eru vel og passa skal að sakborningar eða þolendur séu ekki nafngreindir eða upplýsingar gefnar sem geta gefið upp um hverja málið snýst.

Fjórði liður snýr síðan að aðkomu fjölmiðla. Það getur hist svo á að fjölmiðlar reyni að ná sambandi við lögreglu á óheppilegum tíma og þá ber lögreglu að gæta þess að svara spurningum ekki að óathuguðu máli heldur frekar að benda á að haft verði samband aftur við betra tækifæri ef það á við. Einnig er sérstaklega tekið fram í þessum lið að nauðsynlegt sé að árétta, í lok viðtals, þau atriði sem mestu máli skipta og að fréttæfni sem gefið er fjölmiðlum í trúnaði (*e. off the records*) sé óheimilt.

Fimmti liðurinn fjallar um stjórn lögreglu á vettvangi og samskipti við fjölmiðla þar. Þar er fyrst tekið fram að lögreglu ber að auðvelda fjölmiðlum þau störf sem þeir eru mættir til að sinna og skal lögreglan gera ráð fyrir nærveru þeirra. Fjölmiðlar eru einir ábyrgir fyrir því efni sem þeir birta og lögreglan ber ekki ábyrgð á að stjórna hvernig umfjöllun þeirra er háttáð. Lögreglan hefur heimild til þess að loka vettvangi ef um rannsóknar- eða öryggisástæður er að ræða, en sé það gert skal lögreglan greina fjölmiðlum frá ástæðu lokunar. Á vettvangi skal einn maður vera í því verkefni að sjá um samskipti við fjölmiðla og þarf að vera búið að kynna öðrum sem vinna á vettvangi hver það er og hvernig samskiptum við lögreglu sé háttáð. Lögreglan fer eins og áður sagði með stjórn á vettvangi og því er það skylda fjölmiðla að virða þau fyrirmæli sem hún setur.

Síðustu tveir liðirnir eru um vinnuhóp ríkislögreglustjóra og fyrirmæli sem koma frá ríkissaksóknara. Þar er greint frá því að hjá ríkislögreglustjóra sé starfandi hópur sem fylgist með framkomu lögreglu við fjölmiðla. (Haraldur Johannessen, 2002).

Haft var samband við Grím Grímsson, fyrrverandi yfirmann miðlægrar rannsóknardeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við gerð ritgerðarinnar og hann spurður út í samskipti lögreglu og fjölmiðla í viðkvæmum málum. Grímur segir að það sé mismunandi eftir málum hvernig þeim samskiptum sé háttáð það fari eftir því hverjir rannsóknarhagsmunir séu og oft sé það svo að allir fjölmiðlar fái senda sömu fréttatilkynninguna í byrjun. Hins vegar sé það svo að samvinna þarna á milli sé mjög mikilvæg og virki hún í báðar áttir. Lögreglan getur nýtt sér fjölmiðla til að koma á framfæri tilkynningum í til dæmis mannhvarfsmálum eða ef óskað er eftir upplýsingum um ákveðin mál. Grímur bendir þó á að nú til dags séu samfélagsmiðlar mjög vinsælir og að lögreglan sé farin að nýta sér eigin samfélagsmiðla til að koma á framfæri því sem þarf. Þrátt fyrir tilkomu samfélagsmiðla bendir Grímur á að það sé ekki það sama og að vera með fjölmiðla með sér

enda geti fjölmiðlar oft komið með spurningar sem eru mikilvægar og jafnvel skipt lögreglu máli (Grímur Grímsson, munnleg heimild).

5.2 Flóðin fjögur

Flóðin fjögur sem eru til skoðunar í ritgerðinni gerðust öll á mismunandi tímum sólarhrings. Þrjú þeirra gerðust að nóttu til eða mjög snemma morguns, fyrir fótaferðartíma fólks, á meðan eitt þeirra gerðist um hábjartan dag. Veður var slæmt í kring um öll flóðin sem gerði það að verkum að erfitt var að komast á staðinn bæði fyrir björgunarsveitir og fjölmiðla.

Flóðin í Neskaupstað áttu sér stað um miðjan dag og áttu fréttir um það eftir að berast fljótt milli manna. Þrátt fyrir það var erfitt að koma mannskap á staðinn, bæði björgunarsveitum og öðrum sem þangað vildu komast, vegna slæms veðurs. Ófært var yfir Oddsskarð og daginn sem flóðið féll lá flug niðri vegna slæms skyggnis (Tíminn, 1974, bls. 3).

Guðmundur Bjarnason sem var í ritnefnd héraðsfréttablaðsins *Austurland*, á þessum tíma, fékk það hlutverk frá bæjaryfirvöldum að svara fyrirspurnum fjölmiðla fyrstu dagana eftir flóð (Visir, 2004). Á þessum tíma voru samskipti fjölmiðla töluvert einfaldari samkvæmt Kristni V. Jóhannssyni, þáverandi forseta bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Hann segir að Ríkisútvarpið og flest dagblöð á þeim tíma hafi verið með fréttaritara á staðnum sem auðveldaði hlutina (Kristinn V. Jóhannsson, munnleg heimild). Fréttir af flóðinu voru fljótur að berast milli landshluta þrátt fyrir að þær væru ekki mjög áreiðanlegar til að byrja með eins og oft vill verða í svona aðstæðum. Þegar leið á daginn voru fréttir um flóðin farnar að berast út fyrir landsteinana. Þrátt fyrir það segir Víglundur Gunnarsson, heimamaður sem tók þátt í leitinni, að fjölmiðlafólk hafi aldrei verið að þvælast fyrir eða trufla það mikilvæga starf sem var í gangi (Víglundur Gunnarsson, munnleg heimild). Í þáttunum *Háski – fjöllin rumska* sem Þórarinn Hávarðsson framleiddi er fjallað um flóðin í Neskaupstað. Einn þeirra sem rætt er við er Þórleifur Ólafsson sem var á þessum tíma fréttamaður hjá Morgunblaðinu. Þórleifur er uppallinn Norðfirðingur og bjuggu foreldrar hans og systkini þar þegar flóðin féllu og var faðir hans að vinna í bræðslunni þar sem annað flóðið féll. Vegna tengingar Þórleifs austur fékk hann fréttir af flóðinu fyrstur manna hjá ritstjórn Morgunblaðsins. Eftir þær fregnir var allt kapp lagt á að reyna að draga upp sem besta mynd af því sem gerst hafði. Þegar leið á kvöldið fékk Þórleifur símtal um að faðir hans hefði farist í flóðinu. Þórleifur fór seinna austur, ásamt öðrum blaðamönnum, þegar færi gafst til. Þrátt fyrir að Þórleifur hafi misst föður sinn í flóðinu og farið austur til að vera með fjölskyldu sinni og vinum tók hann að sér verkefni fyrir samstarfsfólk sitt tveimur dögum eftir flóðið þegar hann bauðst til að safna

saman myndum af þeim sem létust (Eiríkur Þór Hafdal og Þórarinn Hávarðsson, 2017). Það virðist því vera miðað við þær heimildir sem til eru að fjölmiðlar hafi haft greiðan aðgang að vettvangi í Neskaupstað án þess þó að vera fyrir og trufla björgunarstarf.

Munurinn á flóðinu sem féll í Neskaupstað og á Flateyri 1995 er helst sá að flóðið á Flateyri féll að nóttu til. Þrátt fyrir það birti Dagblaðið – Vísir (*DV*) fréttir af flóðinu í blaði sínu sem kom út 26. október. Þar var farið yfir þær upplýsingar sem voru fyrir hendi þegar blaðið fór í prentun ásamt því var viðtal á baksíðu blaðsins við Gunnar Valdimarsson sem lent hafði í flóðinu (Jónas Kristjánsson, 1995 bls. 40). Af þessu má draga þá ályktun að aðgangur fjölmiðla hafi verið ágætur þarna fyrstu stundirnar þar sem það tókst að taka viðtal við íbúa áður en blaðið fór í prentun. Jóhann Hauksson sem var fréttamaður hjá Ríkissjónvarpinu á þessum tíma var einn af þeim fjölmiðlamönnum sem sendur var vestur. Hann greinir svo frá að aðgangur fjölmiðla hafi verið nokkuð opinn, en þær reglur hafi verið settar á að ekkert mætti fara í birtingu nema búíð væri að leita eftir staðfestingu hjá yfirvaldi á staðnum eins og lögreglu eða fulltrúa almannavarnardeildar, en það séu eðlilegar óskir yfirvalda að mati Jóhanns (Jóhann Hauksson, munnleg heimild). Flóðið sem féll á Flateyri nú í ársbyrjun 2020 féll einnig að nóttu til. Helsti munurinn þegar kemur að aðgengi fjölmiðla nú og þá eru þær tækninýjungar sem hafa orðið. Þær urðu til þess að fréttir, myndefni og samtöl við þá sem lentu í flóðinu voru fljótar að berast á milli og jafnvel var hægt að ræða við heimamenn í svokölluðu myndsímtali. Halldór Óli sem var björgunarsveitarmaður á vettvangi í báðum flóðunum á Flateyri minnst á þær tæknibreytingar sem hafa orðið og talar um að þær hafi verið notaðar til góðs í nýjasta flóðinu. Sem dæmi má nefna fyrsta fréttaviðtalið á *visir.is* sem var viðtal við íbúa á Flateyri, sem birtist um klukkan 01:09 (Tryggvi Páll Tryggvason, 2020).

Flóðið sem féll á Súðavík árið 1995 hefur sérstöðu í þessum fjórum flóðum sem til umfjöllunar eru. Flóðið féll, líkt og hin tvö fyrir vestan, að nóttu til og voru veðurskilyrði vond. Erfitt var fyrir fólk að komast á staðinn og tók það ferðalag töluverðan tíma. Sérstaðan sem átti sér stað var fjölmiðlabann sem sett var á og verður fjallað um hér í næsta kafla.

5.3 Fjölmiðlabannið á Súðavík

Snjóflóðið á Súðavík var atburður sem engan óráði fyrir að gæti gerst. Vestfirðingar þekktu snjóflóð þó vel og ári áður hafði snjóflóð fallið á Ísafjörð sem eyðilagði meðal annars skíðasvæði bæjarins. Snjóflóð sem myndi þurrka út hálf þorp var fjarri huga heimamanna. Kristján Þór Júlíusson var á þessum tíma bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar en samhliða því starfi var

hann formaður almannavarnanefndar bæjarins en þess skal þó getið að sú nefnd var ekki með stjórn í Súðavík. Þrátt fyrir að Almannavarnanefnd Ísafjarðar væri ekki með stjórn á Súðavík fór Kristján á staðinn og stjórnaði því björgunarstarfi sem þar fór fram en það var gert til að leggja Súðvíkingum lið enda samfélagið þar í lamasessi og kerfið sem var á Súðavík var ekki virkt vegna þess (Halldór Jónsson, 2005, bls. 10).

Eins og áður sagði voru aðstæður á Súðavík ólíkar því sem fólki óraði að gæti átt eftir að gerast. Enginn vissi í raun og veru hvernig ætti að bregðast við, nema með því að leita að fólki og aðstoða þá sem þurftu á því að halda. Það vakti athygli, að fjölmiðlabann var sett á þá fjölmiðla sem komu til Súðavíkur. Þessi ákvörðun hefur oft verið rædd og hefur verið töluvert umdeild. Í blaðaviðtali við Kristján sem tekið var árið 2005 er þessi ákvörðun rædd og Kristján greinir frá því að eflaust sé hægt að deila um hvort þessi ákvörðun og hvernig að henni var staðið sé rétt eða ekki. Á þeim tímapunkti sem ákvörðunin var tekin var mikið álag bæði á stjórnendum björgunaraðgerða og fjölmiðlamönnum sem voru á svæðinu (Halldór Jónsson, 2005).

Eftir flóðið streymdi að fólk frá öllum helstu miðlum landsins, bæði ljósmyndarar og fréttamenn. Meðal þeirra voru Ragnar Axelsson (RAX), sem var fréttaljósmyndari Morgunblaðsins. Í viðtali við hann sem birtist í Morgunblaðinu árið 2015 ræðir Ragnar upplifun hans á fjölmiðlabanninu. Hann minnst á að sorgin við svona atburð sé mikil og það taki á alla að koma á stað þar sem hörmulegir atburðir hafi gerst. Þrátt fyrir það sé mikilvægt að eiga myndefni frá slíkum atburðum, þeir séu hluti af sögu landsins og myndefni er góð aðferð til að eiga þá sögu á skrá. Þó ljósmyndari taki mynd af einhverju þurfi ekki endilega að birta hana, en myndin er þó til sem heimild um hvað var í gangi. Þegar fréttamenn komu á staðinn var veðrið í Súðavík frekar vont og var flóðasvæðið enn skilgreint hættusvæði þar sem ekki var vitað hvort fleiri flóð myndu falla (Morgunblaðið 2015).

Eggert Skúlason var sendur vestur þegar flóðið féll. Hann segir svo frá, í viðtali við höfund, að á leiðinni til Súðavíkur hafi þurft að stoppa á Ísafirði til að taka mannskap og búnað. Þegar komið var í land var Eggert og myndatökumaður sem var með honum í för stöðvaðir af Ólafi Helga Kjartanssyni sem þá var sýslumaður á staðnum. Var þeim tilkynnt að myndefni hefði verið lekið til Stöðvar 2 sem ekki hafi fengist leyfi til að taka. Málið var þó leyst og fengu þeir leyfi til að halda áfram för sinni til Súðavíkur (Eggert Skúlason, munnleg heimild).

Fjölmiðlafólk fékk ekki að vita af því áður en komið var til Súðavíkur að bann væri á myndatökum og fréttáflutning. Eggert segir að fólk hafi verið frekar ósátt þegar það kom í ljós

við komuna vestur. Þrátt fyrir að þarna hafi verið lífshættulegar aðstæður og eðlilegt hafi verið að takmarka þá hættu sem fólk sé lagt í telur Eggert að fjölmiðlamenn verði sjálfir að fá að ákveða hvaða hættu þeir eru tilbúnir að setja sig í við slíkar aðstæður. Hann tekur undir orð Ragnars um mikilvægi þess að eiga myndir af vettvangi þegar álíka atburðir gerist og það sé eitt að taka myndir og annað að birta þær (Eggert Skúlason, munnleg heimild). Jóhann Hauksson sem var einnig á vettvangi í Súðavík fékk fyrst að vita af fjölmiðlabanninu um borð í Tý þegar sýslumaður kom um borð og setti bannið á. Jóhann upplifði bannið sem svo að ekkert mætti birtast í fjölmiðlum án þess að sýslumaður væri búinn að ritskoða efnið og samþykkja það. Bannið olli eins og áður sagði töluverðum usla og óánægju meðal fjölmiðlamanna, enda fengu þeir ekki að vinna sína vinnu (Jóhann Hauksson, munnleg heimild). Guðmundur Gunnarsson, sem var bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar þegar flóðin féllu í ársbyrjun 2020 telur að fjölmiðlabannið á Súðavík hafi verið lærdómsríkt fyrir alla. Þarna hafi ákveðinn tilfinningarússíbani ráðið för enda um aðstæður að ræða sem fólk var ekki búíð undir. Hann telur að fjölmiðlabannið hafi sem slíkt meira snúist um að yfirvöld reyndu að taka þá ákvörðun sem best væri fyrir alla á þeim tíma sem hún var tekin með tilliti til aðstæðna (Guðmundur Gunnarsson, munnleg heimild).

Lengi á eftir var fjölmiðlabannið gagnrýnt og enn þann dag í dag er það rætt manna á milli. Blaðamannafélag Íslands hélt fund nokkru eftir snjóflóðin þar sem bannið var gagnrýnt mjög af þeirra hálfu. Fjölmiðlamenn áttu það til að ræða bannið sín á milli og höfðu sumir það að orði að næst þegar einhverjar náttúruhamfarir ættu eftir að verða yrði þeim liggur við varpað beint í gegnum farsíma (Jóhann Hauksson, munnleg heimild).

6. Umfjallanir og myndbirtingar fjölmiðla

Þegar snjóflóð falla á Íslandi telst það sem stór atburður, atburður sem margir vilja fylgjast með. Á sama tíma er um að ræða atburð sem getur tekið á sálarlíf fólks, bæði þeirra sem lenda í flóðinu og aðstandenda þeirra, en einnig á þá fjölmiðlamenn sem fá það hlutverk að fjalla um flóðin. Þegar náttúruhamfarir gerast er oft skammur tími til að taka stórar ákvarðanir eins og hvaða fréttamann á að senda á vettvang og skipta atriði eins og hver er laus þegar atburðurinn á sér stað miklu máli. Þrátt fyrir að tíminn sé knappur þarf að taka slíka ákvrörðun að vel ígrunduðu máli. Álagið getur orðið gríðarlegt og fréttamaðurinn sem sendur er á staðinn verður að ráða við þær aðstæður sem hann er að fara út í. Til dæmis er það svo að þú sendir ekki þingfréttaritara í þessar aðstæður ef þú mögulega kemst hjá því og mikilvægt er að reyna að horfa í reynslu af frétttaflutningi þegar fréttamaður er valinn í svona verkefni (Eggert Skúlason, munnleg heimild).

6.1 Umfjallanir

Þrátt fyrir að flóðin fjögur hafi gerst með tæplega fimm tíu ára millibili er margt sem líkt er í umfjöllunum um þau en fjölmiðlabannið í Súðavík hafði þó einhver áhrif á umfjöllun um það flóð. Flestir fjölmiðlar landsins fylgdust með öllum fjórum flóðunum og reyndu að koma með sem skýrustu mynd af því sem var að gerast.

Eftir flóðið í Neskaupstað var töluvert um fjölmiðlaumfjallanir í dagblöðum landsins. Morgunblaðið birti frétt að morgni 21. desember þar sem farið var yfir stöðu mála og samúðarkveðjur frá Geir Hallgrímssyni, forsætisráðherra, birtust á forsíðu blaðsins. Á forsíðunni voru einnig viðtöl við fólk í Neskaupstað sem sáu flóðin en sluppu frá þeim (Morgunblaðið, 1974, bls. 1).

Í grein sem skrifuð var í Morgunblaðið þann 29. janúar 1995 er til umfjöllunar hvort fjölmiðlar hafi gengið of langt í frétttaflutningi frá Súðavík. Þar er vitnað í viðtal við mann sem misst hafði börnin sín í flóðinu. Í viðtalinu kemur hann á framfæri óánægju yfir þeirri fjölmiðlaumfjöllun sem varð í kringum flóðið. Hann segist hafa fengið flestar fréttir af flóðinu í gegnum fjölmiðla en hann var út á sjó þegar flóðið féll. Maðurinn sagði þó í viðtalinu að fjölmiðlar myndu gegna mikilvægu hlutverki að koma upplýsingum á framfæri, það þyrfti bara að fara varlega að því. Maðurinn frétti að dóttir hans væri látin í kvöldfréttum sjónvarpsins. Þrátt fyrir gagnrýnina voru menn ekki sammála um hvort fjölmiðlar hefðu verið of fljótir á sér með frétttaflutning af flóðinu, sumum fannst þeir heldur seinir. Í sömu grein er nefnt að fréttir af flóðunum hafi fyrr borist til erlendra miðla heldur en íslenskra miðla. Kristján Þór og Ólafur

Helgi tjáðu sig báðir í viðtali við Morgunblaðið og sá Kristján Þór ekkert athugavert við fréttáflutninginn, nema þá hversu slæmt það væri að maðurinn hefði frétt af andláti dótturinnar með þessum hætti. Ólafur tók það skýrt fram að fjölmiðlar þyrftu að hafa nærgætni og virðingu að leiðarljósi í fréttáflutningi (Morgunblaðið, 1995d).

Eftir snjóflóðið á Flateyri 1995 var betur hægt að sýna frá því sem hafði gerst enda hægt að byrja umfjöllun fyrr og veðurskilyrði voru góð. Eggert Skúlason man sérstaklega eftir viðtali sem hann tók við Eirík Finn Greipsson sem lent hafði í flóðinu um nóttina. Í viðtalinu sýndi Eiríkur frá því hvar hann vaknaði upp og skríða þeir félagar inn í húsið hans svo það sé hægt. Samkvæmt Eggerti skiptir það miklu máli að geta flutt fréttir frá vettvangi, en þannig sé betur hægt að leyfa fólkinu að segja sína sögu og með því geti þeir sem fylgjast með sett sig inn í hvað sé að gerast (Eggert Skúlason, munnleg heimild).

Halldór Óli sem upplifði að vera björgunarsveitarmaður í flóðunum þremur fyrir vestan segir að í þeim öllum hafi fjölmiðlaumfjöllun verið góð. Hann minnst þó sérstaklega á umfjallanir í kringum flóðið í ár. Þar hafi tæknin verið ágætlega notuð en neikvæði hlutinn sé þó að allir séu aðgengilegir. Það hafi töluvert borið á því að áreiti fjölmiðla hafi verið töluvert og símar björgunarsveitarmanna alltaf að hringja, þrátt fyrir að búið væri að tilkynna að fyrirspurnum ætti að beina til samhæfingarmiðstöðvar Almannavarna í Skógarhlíð (Halldór Óli Hjálmarsson, munnleg heimild). Guðmundur Gunnarsson segir að fréttáflutningur hafi verið fagmannlegur og jafnvel hafi hann átt þátt í því að úrvinnsla hafi hafist strax og verið góð enda fundu heimamenn að samkennd ríkti í þjóðfélaginu. Hann bendir einnig á með fjölmiðlum hafi verið hægt að koma mikilvægum skilaboðum til stjórnvalda landsins en það voru skilaboðin um að verja þyrfti byggðirnar betur heldur en gert er, það er að segja með snjóflóðavörnum (Guðmundur Gunnarsson, munnleg heimild).

6.2 Mikilvægi myndefnis

Snjóflóð eru hluti af sögu landsins og hana er nauðsynlegt að skrá niður og eiga heimildir um. Fjölmiðlaumfjöllun er hluti af slíkum heimildum en myndir eru einnig mikilvægar í þessu samhengi svo að sem flestir geti séð hvað átti sér stað. Heimildir eru mikilvægar fyrir seinni kynslóðir til að geta aflað sér upplýsinga um það sem gerst hefur. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, segir að fjölmiðlafólk gegni lykilhlutverki þegar kemur að skráningu mannkynssögunnar (Guðmundur Magnússon, 2020). Flestir viðmælendur í þessari ritgerð, bæði fjölmiðlamenn og aðrir, voru sammála um að mikilvægt væri að safna

saman og eiga heimildir af vettvangi snjóflóða. Jóhann Hauksson benti á að frægustu fréttaljósmyndir landsins væru af ógnum og hamförum.

Guðmundur Gunnarsson tekur í sama streng og forsetinn og talar um að öflun heimilda sé mikilvæg. Hann segir að það sé ekki verið að tala um neitt tilfinningaklám heldur snúist þetta um úrvinnslu fólks og skráningu sögunnar. Minningabrotin í höfði fólks sem er við störf á vettvangi atburða geti ruglast og litlir hlutir eins og veðuraðstæður sé eitthvað sem betra sé að sjá á mynd heldur en heyra um í frásögn fólks. Guðmundur talar einnig um að öflun heimilda geti komið að gagni við úrvinnslu hjá fólki og geti efnið nýst til þess aðstoða við hana. Þegar svona atburðir eiga sér stað reynir fólk að draga ákveðinn lærdóm af honum, til þess að það sé hægt geta heimildir einnig verið mjög mikilvægar. Með þeim sé hægt að búa til heimildamyndir eða gefa út bækur, eins og Íslendingar þekkja, og þannig minna fólk á hvað gerðist og hvernig það er að búa við náttúruhamfarir (Guðmundur Gunnarsson, munnleg heimild). Víglundur og Ína taka bæði undir að myndefni sé mikilvægt og það sé nauðsynlegt að varðveita heimildir. Þau upplifðu snjóflóðin í Neskaupstað, en árið 2017 gaf Hafdal framleiðsla út heimildamyndina Háski: Fjöllin rumska, sem fjallar um atburðina í Neskaupstað. Hjónin segja að myndin hafi gert þeim gott en auðvitað sé alltaf ákveðin sorg að rifja upp atburðina. Þetta séu samt atburðir sem hafi gerst og mikilvægast sé að koma í veg fyrir að þeir gerist aftur. Þó myndefni og upprifjun á því sem gerðist róti upp í tilfinningum og reyni á taugarnar þá séu þetta atburðir sem ekki megi gleyma (Ína Dagbjört Gísladóttir og Víglundur Gunnarsson, munnleg heimild). Kristinn Jóhannsson tekur í sama streng og hjónin og vitnar einnig í heimildamyndina. Hann segir að það sjáist best í þeirri mynd hversu mikilvægt það er að varðveita myndefni og viðtöl. Þrátt fyrir að hátt í hálf öld sé liðin frá atburðunum í Neskaupstað sést það vel í myndinni hversu erfitt er fyrir marga að ræða snjóflóðin. Það sé því mikilvægt að rifja upp atburði sem þessa með nærgætni og með því að hafa samþykki þeirra sem tengjast þeim á einhvern hátt (Kristinn V. Jóhannsson, munnleg heimild).

Óttar Sveinsson, rithöfundur, er einn þeirra sem segir að mikilvægi heimilda sé mikið. Hann hefur sjálfur notað heimildir töluvert til þess að skrifa *Útkalls* bækurnar sem margir Íslendingar þekkja og hafa komið út fyrir jól undanfarin ár. Árið 2012 gaf Óttar út bókina *Útkall: Sonur þinn er á lífi* sem fjallar um atburðina í Neskaupstað. Þegar hann fór að skrifa bókina fann hann að fólk hafði þörf fyrir að tjá sig og koma á þann hátt fram með sínar tilfinningar (Óttar Sveinsson, munnleg heimild).

6.3 Samskipti fjölmiðla og yfirvalda

Í aðstæðum sem þessum skipta samskipti fjölmiðla og yfirvalda á staðnum, bæði lögreglu, björgunarsveita og almannavarnarnefndar, miklu máli. Ef þessir hlutir eru í lagi getur það auðveldað starfið fyrir alla og jafnvel komið í veg fyrir misskilning og ágreining á vettvangi.

Í viðtölum við viðmælendur fyrir ritgerðina kom sami punkturinn upp ítrekað en það var mikilvægi þess að ákveðin aðgerðaáætlun væri til staðar hjá sveitarfélögum landsins. Guðmundur Gunnarson segir að viðbragðsáætlanir séu mikilvægar þar sem skýrt er hvert hlutverk allra viðbragðsaðila er. Þegar flóðin á Flateyri féllu var stutt síðan áætlanir fyrir vestan voru yfirfarnar og því var það ferskt í höfði þeirra sem í hlut áttu hvernig ætti að bregðast við. Guðmundur segir að mikilvægt sé að hafa skýrar reglur um samskipti við fjölmiðla í svona aðstæðum. Búið var að vinna slíka vinnu fyrir vestan og því var hægt að láta það ganga hratt fyrir sig að undirbúa hvernig samstarfið yrði og hver yrði tengiliður við fjölmiðla. Séraðstaða var útbúin fyrir fjölmiðla þar sem þeir höfðu aðgang að því helsta sem þeir þurftu fyrir sína vinnu og þar sem vel myndi fara um þá. Ástæðan fyrir því að mikilvægt er að hafa einn tengilið fyrir fjölmiðla, segir Guðmundur að sé sú að það frí aðgerðarstjóra, björgunarsveitarmenn, lækna, sjúkrahús, lögreglu og alla þá sem þurfa að einbeita sér að aðgerðunum sjálfum. Í atburðunum fyrir vestan var Guðmundur tengiliður við fjölmiðla og bendir hann á að fólk vanmeti oft hversu mikill tími það fari í að tala við fjölmiðla. Það sé því vont að draga fólk úr þeim skilgreindu hlutverkum sem það er í, til dæmis björgunarsveitarmenn, til þess að svara fyrirspurnum fjölmiðla. Guðmundur lýsir því svo að þetta hafi verið fullt starf, síminn hafi hringt látlaut fyrsta hálfu sólarhringinn eða svo. Þetta sé eitthvað sem ekki megi vanmeta og ýti undir þá hugmynd að hvert sveitarfélag sé með aðgerðaráætlun, þar sem skýrt er tekið fram hver skuli sjá um samskipti við fjölmiðla ef eitthvað kemur upp á (Guðmundur Gunnarsson, munnleg heimild).

Í viðtalinu við Eggert Skúlason voru svipaðar hugmyndir sem komu upp. Þegar hann var spurður út í draumasamstarf milli fjölmiðla og yfirvalda nefnir Eggert fyrst að best væri að einfalda þetta. Eftir að vettvangsstjórn komi saman þyrfti að hafa einn í þeirri stjórn sem myndi algjörlega sjá um fjölmiðla. Hann tekur fram að ekki eigi að takmarka aðgang fjölmiðla heldur yrði þessi einstaklingur til þess að leiðbeina þeim og væri ekki með neitt annað hlutverk. Eggert segir að þetta gæti verið mikilvægt til þess að taka á því að ekki væri verið að trufla vettvangsstjóra eða björgunarsveitarmenn og þannig gætu björgunarsveitarmenn haldið áfram ótrufluð því mikilvæga starfi sem þar er sinnt (Eggert Skúlason, munnleg heimild). Í kjölfarið á ábendingum þeirra Eggerts og Guðmundar ákvað rannsakandi að kanna hvort

slíkar aðgerðaráætlanir væru til staðar hjá sveitarfélögum og ef svo væri, hvort í þeim væri að finna skýran kafla um samskipti við fjölmiðla. Til að fá þetta á hreint var tölvupóstur með þeim spurningum sendur til allra sveitarfélaga landsins með yfir 200 íbúa, en þau eru 62 talsins. Aðeins 18 sveitarfélög svöruðu tölvupóstinum.

Í 15 sveitarfélögum af þessum 18 er sérstök aðgerðaráætlun til, sem hægt væri að grípa til ef eitthvað kæmi upp á í sveitarfélaginu. Hjá sex þeirra eru sérákvæði um samskipti við fjölmiðla. Mörg sveitarfélög bentu á að farið væri eftir aðgerðaráætlun frá Almannavarnanefnd. Út frá henni væri mynduð aðgerðastjórn hjá viðkomandi sveitarfélagi og síðan vettvangsstjórnir og það væri í þeirra verkahring að vera í samskiptum við fjölmiðla. Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri í Fjarðarbyggð, útskýrði viðbragðsáætlanirnar og sagði að það færi eftir hvað væri í gangi hversu stór hluti af aðgerðaráætlun Almannavarna væri virkjaður. Það væri þó þannig að í flestum tilfellum færi lögreglustjóri, bæjarstjóri eða fjölmiðlafulltrúi sveitarfélaga með samskipti við fjölmiðla. Hann tekur fram að í flestum viðbragðsáætlunum sem Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra gefur út séu samskipti við fjölmiðla sérstaklega skilgreind (Guðmundur Helgi Sigfússon, munnleg heimild).

7. Niðurstöður

Í upphafi þessarar ritgerðar var lagt upp með rannsóknarspurninguna: „Hver ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hafa orðið viðhorfsbreytingar á hlutverki fjölmiðla síðustu 50 ár þegar kemur að umfjöllun um snjóflóð.“ Niðurstöður viðtala við viðmælendur benda til þess að margt spili inn í þegar kemur að aðgengi fjölmiðla á vettvangi. Þar má nefna sem dæmi veður, færð að vettvangi og það yfirvald sem er á staðnum. Sagan sýnir að veður spilar stórt hlutverk og getur það oft reynst fjölmiðlum erfitt að komast á vettvang eins og var í öllum þeim flóðum sem fjallað hefur verið um í ritgerðinni. Annað sem hefur áhrif eru þau yfirvöld sem eru á staðnum og sjá um að stjórna vettvangi.

Fjölmiðlabannið í Súðavík hefur verið umdeilt og vilja sumir meina að það hafi ekki átt rétt á sér, á meðan aðrir skilja hvað yfirvöld voru að gera með banninu. Allir viðmælendur eru sammála um að fjölmiðlar verði að fá aðgang að vettvangi á borð við snjóflóðin þar sem heimildasöfnun þeirra sé mikilvæg, bæði upp á úrvinnslu og næstu kynslóðir að gera. Viðmælendur voru sammála um að fjölmiðlabannið væri eitthvað sem mætti draga lærdóm af og nota til að bæta samskipti yfirvalda og fjölmiðla. Einnig var skoðað hvort viðhorfsbreytingar hefðu orðið á hlutverki fjölmiðla síðustu 50 árin þegar kemur að umfjöllun um snjóflóð. Niðurstöður benda til þess að fólk hafi í flestum tilfellum verið sáttt við fjölmiðla og umfjöllun þeirra, þó upp hafi komið nokkur deilumál eins og gerðist í Súðavík þegar fjölmiðlar fengu á sig gagnrýni fyrir að fara of hratt í umfjallanir og sýna ekki þá nærgætni sem fólk átti skilið.

Flestir eru þó sammála um að störf fjölmiðla séu mikilvæg. Fjölmiðlar haldi fólki í samfélaginu upplýstu, sem er eitt af meginhlutverkum fjölmiðla. Auk þess eru þeir, með myndasöfnun og viðtölum, að skrásetja sögu mannkynsins sem getur bæði hjálpað til við úrvinnslu, en einnig komið sér vel fyrir komandi kynslóðir þegar þær fara að kynna sér söguna.

8. Umræður og ályktanir

Við upphaf þessarar ritgerðar var lagt upp með annað skipulag, en varð við vinnslu hennar. Meginatriði rannsóknarinnar héldust þrátt fyrir þessar breytingar, en ekki var hægt að fara og hitta alla viðmælendur eins og til stóð þar sem COVID–19 setti strik í reikninginn. Þrátt fyrir það var fólk tilbúið að taka þátt og lítið mál var að finna lausnir sem hentuðu, hvort sem það var samskiptaforritið Zoom, tölvupóstur eða símtöl. Auk þess að skoða hver myndi ráða aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og þær viðhorfsbreytingar sem hafa orðið var sjónum sérstaklega beint að mikilvægi myndefnis sem heimilda. Í miðri rannsókn voru tveir viðmælendur búnir að nefna mikilvægi þess að sveitarfélög landsins væru með tilbúna aðgerðaráætlanir þar sem skýrt væri hvernig samskiptum við fjölmiðla skyldi háttað. Þessi samhljómur viðmælenda varð til þess að ákveðið var að gera könnun á hvort slík áætlun væri til staðar. Þrátt fyrir að fá svör hafi borist gáfu þau samt ágæta mynd á að flest sveitarfélög eru með aðgerðaáætlun en fáar þeirra eru með sérstakan kafla um fjölmiðla.

Þrátt fyrir að umræða um aðkomu fjölmiðla á viðkvæmum málum hafi oft verið hávær í samfélaginu er ekki til rannsókn líkt og þessi svo vitað sé, sem snýr að aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða sérstaklega.. Rannsókn þessi er ekki gallalaus og hefði höfundur viljað ná að tala við fleiri einstaklinga til að fá víðari sýn á þær viðhorfsbreytingar sem hafa orðið á hlutverki fjölmiðla síðustu 50 ár. Reynt var þó að velja viðmælendur sem gætu gefið skýra innsýn og því var rætt við einstaklinga sem komu að snjóflóðunum með mismunandi hætti..

Í framhaldi af þessari ritgerð gæti verið forvitnilegt að skoða það nánar hvort þörf sé á að sveitarfélög séu með sérkafla um samskipti við fjölmiðla í aðgerðaráætlunum sínum. Kom það fram hjá einum viðmælenda að það myndi spara töluverðan tíma og minnka áreiti á þá sem eru að sinna mikilvægu björgunarstarfi. Höfundur finnst áhugavert að þetta yrði skoðað betur og þá yrði að hafa með inni í þeirri mynd hversu mikið áreiti getur orðið þegar stór hluti fjölmiðla landsins er að reyna að fá upplýsingar sem allra fyrst.

Heimildaskrá

Alþýðublaðið. (1995, 17. janúar). Harmleikur á Súðavík. *Alþýðublaðið*, 76(9). Sótt af <https://timarit.is/page/3345220?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/%22Snjóflóð%20á%20súðav%C3%ADk%22>

Arnar Þór Ingólfsson. (2020, 14. janúar). Stór snjóflóð féllu á Suðureyri og Flateyri. *Mbl.is*. Sótt af

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/01/14/stor_snjoflod_fellu_a_sudureyri_og_flateyri/

Ásrún Brynja Ingvarsdóttir. (2020, 16. janúar). 25 ár liðin frá snjóflóðinu í Súðavík. *Ruv.is*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/25-ar-lidin-fra-snjoflodinu-i-sudavik>

Birgir Guðmundsson (ritstjóri). (2004, september). Innanhúss- og vinnureglur á einstökum vinnustöðum. *Blaðamaðurinn*, 26(4), bls. 21.

Birgir Guðmundsson. (19. desember 2012). Umræðuvettvangur íslenskra dagblaða með hliðsjón af greiningarramma Colin Sparks. *Stjórnmal & Stjórnsýsla*, 2, 8. Bls 323-342.

Blaðamannafélag Íslands. (1991). Siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Sótt af <https://www.press.is/is/log-sidareglur/sidavefur/sidareglur-bi>

Brynjólfur Þór Guðmundsson. (2020, 15. janúar). Gríðarlegt tjón á höfninni. *Ruv.is*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/gridarlegt-tjon-a-hofninni>

Eiríkur Finnur Greipsson. (e.d.). Ágrip af sögu Flateyrar. Sótt af <https://efg.is/userfiles/files/xgripafsxguFlateyrarflyer.pdf>

Eiríkur Þór Hafdal og Þórarinn Hávarðsson (framleiðendur). (2017). *Háski – fjöllin rumska; heimildamynd um snjóflóðin í Neskaupstað 1974*. [Heimildamynd]. Ísland: Hafdal framleiðsla.

Explorable.com (2009, 24. apríl). Snowball Sampling. Sótt af

<https://explorable.com/snowball-sampling>

Fjarðabyggð. (e.d.). Norðfjörður. Sótt af

<https://www.visitfjardabyggd.is/fjardabyggd/nordfjordur>

Fourie, P., J. (2008). *Media Studies volume 2: Policy, Management and Media*

Representation (2 útgáfa). Juta & Co: Cape town, South Africa.

Freyr Gígja Gunnarsson. (2020. 15. janúar). „Svona vekur upp gríðarlega sterkar

tilfinningar“. *Ruv.is*. Sótt af [https://www.ruv.is/frett/svona-vekur-upp-gridarlega-sterkar-](https://www.ruv.is/frett/svona-vekur-upp-gridarlega-sterkar-tilfinningar)

[tilfinningar](https://www.ruv.is/frett/svona-vekur-upp-gridarlega-sterkar-tilfinningar)

Gallup. (2020). Stóraúkin fjölmiðlanotkun í skugga kórónaveiru. Sótt af

<https://www.gallup.is/frettir/storaukin-fjolmidlanotkun-i-skugga-korona-veiru/>

Gallup topplistar. (2020). Topplisti innlend umferð. Sótt af <http://topplistar.gallup.is>

Geir Þ. Þórarinsson. (2005, 7. september). Hvað er siðferði? Og hvað er

siðfræði? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=5247>

Gunnar Karlsson. (2018, 30. október). Hvers konar fjölmiðlar voru á Íslandi 1918?.

Vísindavefurinn. Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=75846>

Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2002, 12. júní). Er merkjanlegur áherslumunur í fréttáflutningi

milli fjölmiðla, svo sem dagblaða, útvarps og sjónvarps? *Vísindavefurinn*. Sótt af

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2486>

Guðmundur Bjarnason. (1974, 24. desember). Tveir sólarhringar. *Þjóðviljinn*, 39(261). Sótt

af

<https://timarit.is/page/2843219?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/Snjóflóð%20Neskaupstað>

Guðmundur Magnússon. (2020, 1. apríl). Brýnt að halda heimildum til haga. *Mbl.is*. Sótt af https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1749198/?searchid=e7cc4d689173a8e93d72c4e0deab5f5ee914ec4f&item_num=5

Halla Ólafsdóttir. (2015, 26. október). Í spor björgunarmanna á Flateyri. *Ruv.is*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/i-spor-bjorgunarmanna-a-flateyri>

Hagrannsóknir sf. (2018, nóvember). Bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla: Hagræn skoðun. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=352283a4-2557-11e9-942f-005056bc530c>

Halldór Jónsson. (2005, 16. janúar). Dreg í efa að lærdómurinn verði nokkurn tímann nægur. *Bæjarins besta*, 22(2). Sótt af <http://www.bb.is/wp-content/uploads/2017/04/BB02-1.pdf>

Haraldur Johannesson. (2002, 16. október). Leiðbeiningar ríkislögreglustjóra um samskipti lögreglu og fjölmiðla. Sótt af <https://www.press.is/is/um-felagid/utgefid-efni/frettir/leidhbeinandi-reglur-um-samskipti-fjoelmidhla-og-loegreglu>

Harcup, T., og O'Neill, D. (2016, 1. mars). What is news? News values revisited (again). *Journalism Studies*. 1470 – 1488. DOI: <https://doi.org/10.1080/1461670X.2016.1150193>

Harpa Grímsdóttir. (2006, 10. febrúar). Af hverju falla snjóflóð? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=5635>

Haukur Helgason. (1974, 21. desember). Bær í skugga sorgar. *Visir*. Sótt af <https://timarit.is/page/3259483?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/Snjóflóð%20neskaupstað>

Helga Guðrún Johnson og Sóley Eiríksdóttir. (2016). *Nóttin sem öllu breytti: Snjóflóðið á Flateyri*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Ingólfur Berg Gunnarsson. (2018). „*Það er bara spekileki úr greininni*“: *Staða rannsóknarblaðamennsku í breyttu fjölmiðlaumhverfi* (Lokaverkefni til BA gráðu í fjölmiðlafræði). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/30914>

Innanríkisráðuneytið. (2015, júní). Stefna í almannavarna- og öryggismálum ríkisins 2015 – 2017. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/blai_bordinn/Almannavarnastefna.pdf

Jóhann K. Jóhannsson og Kristín Ólafsdóttir. (2015, 14.janúar). Þrjú stór snjóflóð við Flateyri og Suðureyri með skömmu millibili. *Visir.is*. Sótt af <https://www.visir.is/g/2020200119512/thrju-stor-snjoflod-vid-flateyri-og-sudureyri-med-skommu-millibili>

Jónas Kristjánsson (ritstjóri). (1995, 26. október). Hjón lokuð inni á efri hæð húss á Flateyri eftir snjóflóðið í nótt: Horfði á húsið við hliðina þjóta fram hjá. *DV*, 21(245). Sótt af <https://timarit.is/page/2932705#page/n27/mode/2up>

Kolbeinn Tumi Daðason. (2015, 14.janúar). 20 ár frá snjóflóðinu í Súðavík. *Visir.is*. Sótt af <https://www.visir.is/g/2015150119576/20-ar-fra-snjoflodinu-i-sudavik-minnast-hinna-latnu>

Kórónuveiran COVID–19. (2020). *Mbl.is*. Sótt af <https://www.mbl.is/frettir/maefni/koronuveiran/>

Kristín Ólafsdóttir. (2020, 15. janúar). Unglingsstúlka sem grafin var úr flóðinu ekki alvarlega slösuð. *Visir.is*. Sótt af <https://www.visir.is/g/2020200119510/unglingsstulka-sem-grafin-var-ur-flodinu-ekki-alvarlega-slosud>

(Lög um almannavarnir nr. 82/2008)

Magnús Geir Þórðarson. (2017). RÚV okkar allra til framtíðar: Stefna til 2021. Sótt af https://www.ruv.is/sites/default/files/ruv_2021_baeklingur_lengri_www2.pdf

Markaðs- og miðlarannsóknir ehf. (e.d.). Eigindlegar aðferðir. Sótt af <https://mmr.is/adferdir/eigindlegar-adferdir>

Markaðsstofa Vestfjarða. (e.d.). Súðavík – Ísafjarðardjúp. Sótt af <https://www.westfjords.is/is/westfjords/town/sudavik>

Menntamálaráðuneytið. (2005, apríl). Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um Íslenska fjölmiðla. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/fjolmidlanefnd.pdf>

Morgunblaðið. (1974, 21. desember). Miklir mannskaðar í Neskaupstað. *Morgunblaðið*, 61(257). Sótt af <https://timarit.is/page/1458971?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/Snjóflóð%20Norðfjörður>

Morgunblaðið. (1995, 17. janúar-a). Fjórtán ára stúlka fannst á lífi eftir 15 tíma leit. *Morgunblaðið*, 83(11), bls. 1. Sótt af <https://timarit.is/page/1821806?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/Snjóflóð%20Súðav%C3%ADk>

Morgunblaðið. (1995, 17. janúar-b). Það versta gerðist. *Morgunblaðið*, 83(11), bls. 2. Sótt 26. febrúar 2020 af <https://timarit.is/page/1821807?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/Snjóflóð%20Súðav%C3%ADk>

Morgunblaðið. (1995, 24.janúar-c). Ellefu hinna látnu jarðsettir syðra. *Morgunblaðið*, 83(19), bls 28. Sótt af

<https://timarit.is/page/1822317?iabr=on#page/n27/mode/2up/search/Útför%20súðav%C3%A>

Dk

Morgunblaðið. (1995, 29. janúar-d). Gengu fjölmiðlar of langt?. *Mbl.is*. Sótt af

<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/175155/>

Morgunblaðið. (2015, 15. janúar). Verða að fá að skrá söguna. *Mbl.is*. Sótt af

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/01/15/verda_ad_fa_ad_skra_soguna/

Oddur Ævar Gunnarsson. (2020, 15. janúar). Mikill samhugur á samfélagsmiðlum: „Við

höfum mikið að þakka“. *Fréttablaðið*. Sótt af [https://www.frettabladid.is/frettir/mikill-](https://www.frettabladid.is/frettir/mikill-samhugur-efrir-snjoflodin-vid-hofum-mikid-ad-thakka/)

[samhugur-eftir-snjoflodin-vid-hofum-mikid-ad-thakka/](https://www.frettabladid.is/frettir/mikill-samhugur-eftir-snjoflodin-vid-hofum-mikid-ad-thakka/)

Páll Sigurðsson. (1997). Fjölmiðlaréttur: meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna.

Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rakel Þorbergsdóttir. (2016, 1. júní). Vinnureglur fréttastofu Ríkisútvarpsins (RÚV). Sótt af

https://www.ruv.is/sites/default/files/vinnureglur_frettastofu_2016_0.pdf

Ríkisútvarpið. (e.d.). *Síðareglur Ríkisútvarpsins*. Sótt af

<http://www.ruv.is/sites/default/files/sidareglurruv1.pdf>

Róbert Jóhannsson. (2020, 15. janúar). Snjóflóðin svipuð þeim sem féllu fyrir 25 árum.

Ruv.is. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/snjoflodin-svipud-theim-sem-fellu-fyrir-25-arum>

Sigurður Kristinsson. (1993). Skyldur og ábyrgð starfsstétta. Í Róbert H. Haraldsson

(ritstjóri), *Erindi Siðfræðinnar* (bls. 134-137). Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði.

Sýn. (e.d.). *Ritstjórnarstefna fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar*. Sótt af

<https://assets.ctfassets.net/4kw8pg8v5f46/45BVgvP0ZqKSeYOocWsgIS/d3942c0f1d9ed234>

81e88485112546e3/Ritstj_rnarstefna_fr_ttastofu_St____var_2_V__sis_og_Bylgjunnar.pdf

Tíminn. (1974, 21. desember). Stórvirk moksturstæki vantaði tilfinnanlega. *Tíminn*, 58(257).

Sótt af <https://timarit.is/page/3750222#page/n0/mode/2up>

Tryggvi Páll Tryggvason. (2020, 15. janúar). „Svo er ég bara í húsinu mínu þegar það kemur hvellur“. *Visir.is*. Sótt af 2020 <https://www.visir.is/g/2020200119509/-svo-er-eg-bara-i-husinu-minu-thegar-thad-kemur-hvellur->

Tómas Jóhannesson. (2001, 11. október). Náttúruhamfarir á Íslandi. Sótt af <https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/orkuthing-2001.pdf>

Valgeir Örn Ragnarsson. (2015, 26. október). „Það kemur dagur eftir þennan dimma dag“. *Ruv.is*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/thad-kemur-dagur-efrir-thennan-dimma-dag>

Veðurstofa Íslands. (2012, 25. janúar). Hvers konar veður valda snjóflóðum? *Vísindavefurinn*. Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=61733>

Visir.is (2004, 19. desember). Megum aldrei sofna á verðinum. Sótt af <https://www.visir.is/g/2004412190385>

Þórarinn Þórarinsson. (ritstjóri). (1974, 31. desember). Útför þeirra, sem létu lífið í Neskaupstað: Horfum tár votum augum inn í lönd framtíðarinnar. *Tíminn*, 58(262). Sótt af <https://timarit.is/page/3750430?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/Snjóflóð%20neskaupstað>

Fylgiskjal I – Tölvupóstur til viðmælanda

Eggert Skúlason:

Sæll Eggert

Stefanía Hrund heiti ég og er þriðja árs nemi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Ég er að vinna BA verkefni sem snýr að umfjöllun og myndbirtingum í fjölmiðlum þegar kemur að snjóflóðum. Í þessari ritgerð er ég að skoða snjóflóðin á Neskaupstað 1974, Súðavík og Flateyri 1995 og síðan þá atburði sem áttu sér stað á Flateyri núna í byrjun árs 2020. Sú rannsóknarspurning sem ég er að ganga út frá á þessu stigi er „Hvað ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hvaða viðhorfsbreytingar hafa orðið síðustu 50 ár á hlutverki fjölmiðla í þessum efnum?“. Leiðbeinandinn minn í þessu verkefni er Sigrún Stefánsdóttir.

Ég er að hafa samband við þig vegna þess að mér var bent á að þú hefðir verið fréttamaður þegar flóðin fyrir vestan féllu. Fjölmiðlabannið sem var í gildi í Súðavík er eitthvað sem ég er að skoða sérstaklega. Þá með það í huga hvort það hafi verið jákvætt/neikvætt frá sjónarhorni bæði fréttamanna og svo lögreglu. Ef þú hefðir áhuga á myndi ég vilja fá að ræða þetta bann við þig ásamt almennri umræðu um frétttaflutning frá þessum atburðum.

Ég er búsett á Reyðarfirði eins og er en hef hug á að koma suður núna í mars ef áhugi er hjá fólki til að koma í viðtal og við myndum þá bara finna dagsetningu sem myndi henta. Ef það hentar betur þá er einnig hægt að taka stutt viðtal í gegnum síma, Skype eða ef þú kýst að fá sendar spurningar í tölvupósti er alveg hægt að vinna með það.

Ég vona að þú takir vel í þetta og sjáir þér fært að hjálpa mér því þín sýn á þetta myndi koma að góðum notum.

Bestu kveðjur Stefanía Hrund

Grímur Grímsson:

Sæll Grímur

Stefanía Hrund heiti ég og er þriðja árs nemi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Ég er að vinna BA verkefni sem snýr að umfjöllun og myndbirtingum í fjölmiðlum þegar kemur að snjóflóðum. Í þessari ritgerð er ég að skoða snjóflóðin á Neskaupstað 1974, Súðavík og Flateyri

1995 og síðan þá atburði sem áttu sér stað á Flateyri núna í byrjun árs 2020. Sú rannsóknarspurning sem ég er að ganga út með á þessu stigi er „Hvað ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hvaða viðhorfsbreytingar hafa orðið síðustu 50 ár á hlutverki fjölmiðla í þessum efnun?“. Leiðbeinandinn minn í þessu verkefni er Sigrún Stefánsdóttir. Ég er að hafa samband við þig sem lögreglumans. Ef þú hefur áhuga væri ég til í að fá að spjalla við þig um þína sýn á þessi mál, hvernig samskiptum lögreglu og fjölmiðla er best háttað og svo framvegis.

Ég er búsett á Reyðarfirði eins og er en hef hug á að koma suður núna í mars ef áhugi er hjá fólki til að koma í viðtal og við myndum þá bara finna dagsetningu sem myndi henta. Ef það hentar betur þá er einnig hægt að taka stutt viðtal í gegnum síma eða Skype.

Ég vona að þú takir vel í þetta og sjáir þér fært að hjálpa mér því þín sýn á þetta myndi koma að góðum notum.

Bestu kveðjur Stefanía Hrund Guðmundsdóttir

Guðmundur Gunnarsson:

Sæll Guðmundur.

Stefanía Hrund heiti ég og er þriðja árs nemi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Um þessar mundir er ég að vinna að lokaverkefni mínu sem snýst um hvernig fjölmiðlaumfjöllun hefur breyst þegar kemur að snjóflóðum seinustu 50 ár. Sigrún Stefánsdóttir er leiðbeinandinn minn í þessu verkefni og benti mér á að tala við þig. Í þessari ritgerð ætla ég að skoða snjóflóðin á Neskaupstað 1974, Súðavík og Flateyri 1995 og síðan þá atburði sem áttu sér stað á Flateyri núna í byrjun árs 2020. Sú rannsóknarspurning sem ég er að ganga út með á þessu stigi er „Hver ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hvaða viðhorfsbreytingar hafa orðið síðustu 50 ár á hlutverki fjölmiðla í þessum efnun?“. Leiðbeinandinn minn í þessu verkefni er Sigrún Stefánsdóttir.

Mig langaði að hafa samband við þig, þar sem þú varst bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar þegar snjóflóðin féllu fyrir vestan nú í byrjun ársins 2020. Þau flóð voru eins og þú veist mikið í fjölmiðlaumræðunni og því langar mig að fá þitt innlit á því hvernig samvinna fjölmiðla og yfirvalda á staðnum var og svona í heildina hversu mikilvæg slík samvinna er. Spurningar mínar til þín snúa aðallega að því hvort þú getir sagt mér frá því hvernig samskiptum var háttað

nú í byrjun árs, og hvort þú teljir það vera jákvætt eða neikvætt að fjölmiðlar fái að vera á staðnum, mynda, taka viðtöl og þess háttar til að geta miðlað sínum upplýsingum. Vegna þeirrar stöðu sem nú er komin upp í þjóðfélaginu eru einstaklingar hvattir til þess að fara varlega og halda ákveðinni fjarlægð á milli sín og annarra. Eftir vel ígrundað mál hef ég komist að þeirri niðurstöðu að ferðalög á milli landshluta eru ekki skynsamleg í framkvæmd á þessum tímapunkti, en ég er búsett á Austurlandi. Þrátt fyrir allt hef ég það í hyggju að reyna að klára ritgerðina mína á tilsettum tíma. Mig langar því að vita hvort þú sért opinn fyrir því að viðtalið gæti átt sér stað í gegnum fjarskiptabúnað. Það mætti framkvæma það á marga vegu, sem dæmi í gegnum Zoom, Skype, síma eða að ég myndi senda á þig þær vangaveltur sem ég hef og þú svarað þeim annað hvort í skriflegu máli eða með upptöku sem þú gætir svo sent á mig. Ég vona svo innilega að þetta geti gengið upp því þín innsýn á málinu skiptir miklu máli hvað efni ritgerðarinnar varðar.

Bestu kveðjur Stefanía Hrund Guðmundsdóttir

Óttar Sveinsson:

Sæll Óttar,

Stefanía Hrund heiti ég og er þriðja árs nemi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Ég er að vinna BA verkefni sem snýr að umfjöllun og myndbirtingum í fjölmiðlum þegar kemur að snjóflóðum. Í þessari ritgerð er ég að skoða snjóflóðin á Neskaupstað 1974, Súðavík og Flateyri 1995 og síðan þá atburði sem áttu sér stað á Flateyri núna í byrjun árs 2020. Sú rannsóknarspurning sem ég er að ganga út með á þessu stigi er „Hvað ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hvaða viðhorfsbreytingar hafa orðið síðustu 50 ár á hlutverki fjölmiðla í þessum efnunum?“. Leiðbeinandinn minn í þessu verkefni er Sigrún Stefánsdóttir. Ég er að hafa samband við þig sem rithöfund og aðila sem notar heimildir mikið. Mig langar svo að fá þína sýn á það hversu mikilvægt það er að eiga heimildir og sérstaklega myndir af svona atburðum. ,

Ef þú hefur áhuga væri ég til í að fá að spjalla við þig um myndbirtingar fjölmiðla þegar kemur að hörmungum eins og snjóflóðum. Ég er búsett á Reyðarfirði eins og er en hef hug á að koma suður núna í mars ef áhugi er hjá fólki til að koma í viðtal og við myndum þá bara finna dagsetningu sem myndi henta. Ef það hentar betur þá er einnig hægt að taka stutt viðtal í gegnum síma eða Skype.

Ég vona að þú takir vel í þetta og sjáir þér fært að hjálpa mér því þín sýn á þetta myndi koma að góðum notum.

Bestu kveðjur Stefanía Hrund Guðmundsdóttir

Jóhann Hauksson:

Sæll Jóhann,

Stefanía Hrund heiti ég og er þriðja árs nemi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Ég er að vinna BA verkefni sem snýr að umfjöllun og myndbirtingum í fjölmiðlum þegar kemur að snjóflóðum. Í þessari ritgerð er ég að skoða snjóflóðin á Neskaupstað 1974, Súðavík og Flateyri 1995 og síðan þá atburði sem áttu sér stað á Flateyri núna í byrjun árs 2020. Sú rannsóknarspurning sem ég er að ganga út með á þessu stigi er „Hvað ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hvaða viðhorfsbreytingar hafa orðið síðustu 50 ár á hlutverki fjölmiðla í þessum efnum?“. Leiðbeinandinn minn í þessu verkefni er Sigrún Stefánsdóttir. Ég er semsagt að skoða aðgengi fjölmiðla að vettvangi og svo hvert hlutverk fjölmiðla er í svona tilfellum og hvort það hafi breyst eitthvað milli ára. Broddi segir mér að þú getir aðstoðað mig við flóðin fyrir vestan árið 1995 því þú hafir farið þangað sem fréttamaður. Í viðhengi er ég með örfáar spurningar sem ég væri til í að ræða betur. Það væri frábært að heyra frá þér og þú ræður því hvort þú vilt svara þessu skriflega eða hvort við eigum að heyrast í síma, þar er að segja ef þú hefur áhuga á að taka þátt í þessu verkefni með mér. Hlakka til að heyra frá þér og ekki hika við að hafa samband ef þú ert með einhverjar spurningar.

Stefanía Hrund

Fylgiskjal II – Tölvupóstur til sveitarfélaga

Góðan dag,

Stefanía Hrund heiti ég og er þriðja árs nemi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Ég er að vinna að lokaverkefni sem snýr að umfjöllun og myndbirtingum í fjölmiðlum þegar kemur að snjóflóðum. Í þessari ritgerð er ég að skoða snjóflóðin á Neskaupstað 1974, Súðavík og Flateyri 1995 og síðan þá atburði sem áttu sér stað á Flateyri núna í byrjun árs 2020. Sú rannsóknarspurning sem ég er að ganga út með á þessu stigi er „Hvað ræður aðgengi fjölmiðla að vettvangi snjóflóða og hvaða viðhorfsbreytingar hafa orðið síðustu 50 ár á hlutverki fjölmiðla í þessum efnum?“. Leiðbeinandinn minn í þessu verkefni er Sigrún Stefánsdóttir. Í þeim viðtölum sem ég hef tekið varðandi þetta verkefni hafa margir punktar verið nefndir þegar kemur að aðgerðaáætlum sveitarfélaga, samskiptum við fjölmiðla og þess háttar. Upp vaknaði sú spurning um hversu mörg sveitarfélög landsins væru með aðgerðaáætlun til að grípa til þegar stórir atburðir verða eins og náttúruhamfarir og hvernig áætlunin væri. Þegar kemur að stórum atburðum eins og náttúruhamförum skipta fjölmiðlar og samskipti við þá miklu máli. Aðalspurningin mín til ykkar er því:

Er sveitarfélagið með aðgerðaáætlun sem hægt er að grípa til ef eitthvað kemur upp á, og er það skýrt í henni hvernig samskiptum við fjölmiðla skal háttað? Ef svo er ekki, er það eitthvað sem hefur komið til tals að breyta?

Með von um svör og bestu kveðjur

Stefanía Hrund Guðmundsdóttir

Fylgiskjal III – Spurningar til viðmælanda

Eggert Skúlason

1. Þú fórst vestur þegar snjóflóðin féllu í Súðavík í byrjun árs 1995. Getur þú sagt mér aðeins frá því? Hvernig var vinnuumhverfið?
2. Nú var sett á fjölmiðlabann sem hafði veruleg áhrif, hvernig upplifðir þú það í þínu starfi? Hvaða áhrif hafði það? Hvernig var því fylgt eftir? Var fólk sátt eða ósátt?
3. Finnst þér það mikilvægt að fjölmiðlafólk fái aðgang að vettvangi eins og þarna skapaðist? Hvers vegna/ hvers vegna ekki?

Grímur Grímsson

1. Nú hefur þú verið lögreglumaður í mörg ár og sinnt ýmsum verkefnum sem hafa farið hátt í fjölmiðlum. Hvernig eru samskipti lögreglu og fjölmiðla í erfiðum málum?
2. Telur þú það mikilvægt að fjölmiðlar fái aðgang að vettvangi eins og snjóflóðum?
3. Telur þú að myndir, myndefni og aðrar heimildir frá atburði eins og snjóflóðum séu mikilvægar að eiga?

Guðmundur Gunnarsson

1. Getur þú lýst því fyrir mér hvernig það var að vera bæjarstjóri fyrir vestan í byrjun árs þegar snjóflóðin féllu?
 2. Nú voru flóðin mikið í fréttaumfjöllun, hvað finnst þér um fréttaumfjallanir af þessu tagi?
 3. Finnst þér það skipta máli að yfirvöld og fjölmiðlar séu í góðu samstarfi? Ef svo er af hverju?
- Hvernig telur þú æskilegt að samstarfi viðbragðsaðila og fjölmiðla sé háttað í svona aðstæðum? Fannst þér samstarfið gott í þessu tilfalli?

Jóhann Hauksson

1. Getur þú lýst fyrir mér hvernig það var að vera fréttamaður á vettvangi í snjóflóðunum fyrir vestan 1995?
2. Nú var sett á fjölmiðlabann í Súðavík, getur þú sagt mér aðeins frá því? Hver er þín skoðun á banninu og hvaða áhrif hafði það á þín störf?
3. Hvernig telur þú æskilegt að samskiptum viðbragðsaðila og fjölmiðla sé háttað í svona aðstæðum?
4. Hvaða þýðingu hefur það að fjölmiðlafólk fái aðgang að vettvangi eins og þarna skapaðist?

Er mikilvægt að eiga myndefni og heimildir um svona atburði?

5. Telur þú að aðgengi fjölmiðla hafi breyst með tækniframförum á vettvangi eins og þarna var?

Kristinn V. Jóhannsson

1. Nú varst þú forseti bæjarstjórnar þegar snjóflóðin féllu á Neskaupstað 1974. Getur þú sagt mér aðeins frá þessum degi, hvernig var þetta út frá þínu sjónarhorni?

2. Hvert er hlutverk forseta bæjarstjórnar þegar svona atburðir gerast?

3. Hvernig fannst þér fjölmiðlaumfjöllun vera um atburðina? Hvernig var samskiptum við fjölmiðla háttað?

4. Finnst þér það mikilvægt að myndefni, viðtöl og annað efni sem fjölmiðlar eiga sé til?

5. Hvernig finnst þér þegar fjölmiðlar eru að rifja upp þessa atburði með fréttum, myndbirtingum og þess háttar nú öllum þessum árum seinni?

6. Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

